

Hvað einkennir vesturíslensku?

Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir

1. INNGANGUR

Fljótlega eftir að íslensku landnemarnir settust að í Vesturheimi fóru þeir að fjalla um þá íslensku sem þar þróaðist og lýsa því hvert þeim sýndist að þróunin stefndi.¹ Í fyrstu eru þetta yfirleitt frekar óformlegar athugasemdir og dæmasöfn en árið 1933 birtir Stefán Einarsson grein í *Tímariti Þjóðræknisfélagsins* og hvetur til skipulegra rannsókna á vesturíslensku, einkum með því að safna orðum af öllu tagi, líka tökuorðum: „takið öll orð, íslenzk jafnt og ensk“ því að það varðar atriði „sem mjög mikils er um vert að vita: baráttu íslenzkunnar við enska tungu“ og það er í samræmi við „sjónarmið hins forvitna vísindamanns“ (Stefán Einarsson 1933, 14). Í yfirlitsgrein um vesturíslensku sem Stefán skrifar fjórum árum síðar (1937) segir hann þó að þessi hvatning virðist hafa komið fyrir lítið. Þegar leið á 20. öldina var hins vegar farið að gera skipulegri rannsóknir á málinu og safna efni um það. Í þessari grein er reynt að gefa yfirlit yfir þessar athuganir og rannsóknir í því skyni að svara spurningunni sem felst í heiti greinarinnar. Í yfirlitinu er víða stuðst við lýsingar hjá Stefáni Einarssyni (1937), Haraldi Bessasyni (t.d. 1971, 1984a, 1984b), Gísla Sigurðssyni (2001) og Birnu Arnbjörnsdóttur (2006, 2015) á fyrri rannsóknum, auk athugana á einstökum þáttum málsins sem vísað er til jafnóðum.²

Áður en lengra er haldið er rétt að minna á hvað átt er við með orðinu *vesturíslenska* í þessari grein og annars staðar í þessari bók. Þessi nafngift hefur áunnið sér talverða hefð og með henni er einfaldlega átt við þá íslensku sem vesturfararnir og afkomendur þeirra töluðu og tala sumir enn í Kanada og Bandaríkjunum.³ Með því orðalagi er ekki tekin afstaða til þess hvort hér sé um **sérstakt tungumál** eða **samstæða íslenska mállýsku** að ræða

1 Við þökkum tveim ritrýnum fyrir ágætar ábendingar sem hafa vonandi leitt til þess að greinin sé nú skýrari en áður. Við berum þó auðvitað ábyrgð á því sem enn kann að vera óljóst eða missagt.

2 Í grein Birnu frá 2015 er dregið saman í stuttu máli margt af því sem hún rekur nánar í bók sinni frá 2006. Þess vegna verður vísað til bókarinnar fremur en greinarinnar hér á eftir.

3 Á ensku er þetta mál oft kallað *North American Icelandic*, t.d. í ritum Haraldrar Bessasonar og Birnu Arnbjörnsdóttur. Sjá líka umræðu um vesturíslensku sem hugtak í grein Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók.

samkvæmt einhverjum málvísindalegum viðmiðum. Í því sambandi má hins vegar vísa til ummæla Haraldar Bessasonar sem sagði í grein í *Lögbergi-Heimskringlu* (1980, 7):

Er rétt að taka fram að í málfræðilegum skilningi varð hún [þ. e. vesturísleskan] hvorki betra mál né verra en móðir hennar á Íslandi. – Það eitt má fullyrða að hún öðlaðist snemma sitt sérstaka svipmót og varð að mállýsku (dialect). – Má skjóta því inn að skilin milli íslensku og vestur-íslensku eru í rauninni sá eini mállýskumunur sem við þekkjum úr sögu íslenskrar tungu þ.e.a.s. ef við leggjum samskonar merkingu í orðið **mállýska** og **málfræðingar** leggja í orðið **dialect** [...] Í því sambandi er vert að minnast þess að vesturísleskan á sér nú meira en heila öld að baki og að á þeim tíma hefur hún öðlast hefð bæði í mæltu máli og rituðu.

Þrátt fyrir þessi orð Haraldar má segja að eitt af markmiðum rannsókna á vesturíslensku geti einmitt verið það að athuga að hvaða marki hún hefur samstæð einkenni sem greina hana frá heimaíslensku.⁴

Eins og þegar hefur komið fram er þessi grein fyrst og fremst yfirlit yfir fyrri rannsóknir á vesturíslensku en sums staðar er líka sagt frá tengslum eldri rannsókna við verkefnið Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd (MMMS) sem lýst er í formála bókarinnar. Þá er vísað í birtar niðurstöður úr því verkefni en stundum í niðurstöður sem hafa verið kynntar í fyrirlestrum eða í greinum sem eru í prentun. Í greininni eru niðurstöður úr MMMS yfirlétt ekki raktar að öðru leyti og hún er því í raun ekki sjálfstæð rannsókn á vesturíslensku. Yfirlitinu er skipt í kafla eftir viðfangsefnum þannig að fyrst er sagt frá athugunum á nafngiftum í Vesturheimi (2. kafli), síðan er rætt um orðaforða og athugasemdir um hann (3. kafli), þá um lýsingar á beygingum tökuorða og annarra orða í vesturíslensku (4. kafli), sagt frá athugunum á framburði og hljóðkerfi (5. kafli), greint frá rannsóknum á setningagerð (6. kafli) og loks vikið að atriðum sem varða merkingu (7. kafli). Síðasti kaflinn fjallar síðan um fræðilegt gildi málfræðilegra rannsókna á vesturíslensku.

4 Í ýmsum greinum í þessari bók er orðið *heimaíslenska* notað þegar sérstök ástæða þykir til þess að greina þá íslensku sem er og hefur verið töluð „heima“ á Íslandi á skýran hátt frá þeirri íslensku sem var og er töluð í Vesturheimi, þ.e. *vesturíslensku*. Annars er oft bara talað um íslensku eða íslenskt nútímamál. Vonandi veldur þetta engum misskilningi.



Mynd 1: Sigríður Magnúsdóttir skráir þátttakendur í MMMS-verkefninu vestra.

2. NÖFN OG NAFNVENJUR

2.1 Mannanöfn

Allir Íslendingar sem hafa búið erlendis kannast við þann vanda sem felst í því að bera íslensk nöfn. Í fyrsta lagi getur íslenska nafnakerfið verið ruglandi fyrir ókunnuga og í öðru lagi innihalda íslensk nöfn oft hljóð og bókstafi sem geta vafist fyrir heimafólki í öðrum löndum. Íslensku innflytjendurnir í Vesturheimi þurftu auðvitað að bregðast við þessum vanda um leið og þeir komu vestur og fljótlega urðu nokkur blaðaskrif vestra um það þar sem m.a. var lagt til strax 1888 að menn héldu íslenskum skírnarnöfnum en tækju upp ættarnöfn og konur hættu að kalla sig *-dóttir* (sjá yfirlit hjá Stefáni Einarssyni 1937, 18). Haraldur Bessason lýsir því síðan á skipulegan hátt (1958) hvernig Vestur-Íslendingar brugðust við þessum nafnavanda (sjá líka umræðu hjá Gísla Sigurðssyni 2001 og Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 55 o.áfr.). Haraldur bendir á að þrjár leiðir hafi verið farnar til þess að reyna að fá íslenskum nöfnum „þegnurétt í engilsaxnesku samfélagi“ (1958, 59):

- (1) a. Að halda nafni (skírnarnafni og ættarnafni) algjörlega óbreyttu.
- b. Að laga stafsetningu að ensku.
- c. Að láta íslensk nöfn víkja fyrir enskum.

Eins og Haraldur bendir á var fyrsta leiðin fær ef engin málhljóð komu fyrir í nafninu sem falla illa að enskri tungu og ekki heldur séríslenskir bókstafir.

Vesturíslensku ættarnöfnin voru einkum af eftirtöldum gerðum samkvæmt yfirliti Haraldar (1958, 59 o.áfr.):

- (2) a. Ættarnöfn dregin af íslenskum staðaheitum: Bardal < Bárðardalur, Eyford < Eyjafjörður, Foss < Foss (í Vopnafirði), Lundal < Lundar-reykjadalur, Vopnfjord/Wopnford < Vopnafjörður
- b. Ættarnöfn sem eru upphaflega föðurnafn eða skírnarnafn: Anderson < Andrésson, Baldwin < Baldvin, Geir < Geir, Goodman < Guðmundsson, Swinburne < Sveinbjörnsson

Sum þessara nafna minna á þau ættarnöfn sem Íslendingar tóku upp á 19. öld þegar þeir voru við nám í Kaupmannahöfn (sjá t.d. inngang að bók Guðrúnar Kvaran 2011 um nöfn Íslendinga).

Sem dæmi um breytingar og aðlögun á skírnarnöfnum tekur Haraldur þessi m.a. (1958, 63–64):

- (3) Aðalheiður > Allie, Ásbjörn > Osborne, Ásgeir > Oscar, Brynjólfur > Binney, Guðríður > Gertie, Hallfreður > Fred, Hinrik > Henry, Jakobína > Bena, Lára > Laura, Rósa > Rose

Eins og sjá má eru sum þessara nafna trúlega dregin af gælunöfnum viðkomandi, t.d. *Bena* af *Bína* (fyrir *Jakobína*). Einnig fóru sumir þá leið að gefa börnum sínum nöfn sem hljómuðu svolítið svipað og íslensk nöfn ættmenna þótt þau væru ekki íslensk að uppruna. Haraldur nefnir nokkur dæmi um slíkt (1958, 65):

- (4) Byron < Bjarni, Garry < Geiri, Grover < Gróa, Lilian < Laufey, Steven < Stefanía

Þegar kom fram um miðja 20. öld voru þau nöfn á undanhaldi í Vesturheimi sem voru íslensk að uppruna.⁵ Þetta mátti t.d. sjá af nafngiftum í Winnipeg og Arborg um 1920 annars vegar og um 1950 hins vegar. Á fyrra tímabilinu var algengt að börnum væru gefin íslensk nöfn eingöngu en á því síðara var það orðið mjög sjaldgæft (Haraldur Bessason 1967, 136–137; Birna Arn-

5 Eins og ritrýnir bendir á er auðvitað ólíklegra að skírnarnöfn af íslenskum uppruna varðveitist en ættarnöfn sem fylgja fjölskyldum. Sami ritrýnir bendir einnig á að landnemarnir vestra hafi í raun ekki átt annars kost en að taka upp ættarnöfn í stað íslenska föðurnafnakerfisins – það hafi beinlínis verið krafa yfirvalda.

björnsdóttir 2006, 57; sbr. líka Harald Bessason 1958, 65; 1984b, 12). Hins vegar bendir Birna Arnbjörnsdóttir á (2006, 57) að með vaxandi áhuga á tengslum við Ísland undir lok 20. aldar hafi það aftur færst í vöxt vestra að gefa börnum íslensk nöfn ef þau voru að einhverju leyti af íslensku bergi brotin.

Mannanöfn hafa ekki verið tekin til sérstakrar athugunar í MMMS-verkefninu en nefna má að meðal Vestur-Íslendinga sem rannsóknarmenn hittu á ferðum sínum vestra (2013–2014) voru allmargir sem báru skírnarnöfn og/eða ættarnöfn sem minntu á íslenskan uppruna, svo sem þessi:

- (5) a. Asi, Asta, Borga, Einar, Elva, Erla, Gudjon, Gudrun, Gunnlaugur, Helgi, Hulda, Ingibjorg, Jon, Karvel, Kjartan, Kristjan, Krístrun, Larus, Lilja, Oli, Olof, Sigmar, Sigrid, Skuli, Steingrímur, Sunna, Thordur
- b. Arnason, Bernhöft, Bjarnason, Björnson, Björnsson, Dalman, Eyolfsson, Eyjólfsson, Finnson, Fjeldsted, Geir, Gíslason, Guðbjartson, Guðmundson, Guttormson, Guttormsson, Haldorson, Hannesson, Jakobson, Jonasson, Karvelson, Kristjánson, Kristjánsson, Laxdal, Magnuson, Magnusson, Narfason, Oddleifson, Pálsson, Sigurdson, Simundsson, Skúlason, Thomasson, Thorkelson, Thorstenson, Vigfusson

Þessir einstaklingar gengu þó stundum undir nokkurs konar gælunöfnum eða aðlöguðum nöfnum fremur en skírnarnöfnunum í íslenskri mynd, t.d. *Inga* fremur en *Ingibjorg*, *Gunni* fremur en *Gunnlaugur*, *Larry* fremur en *Larus* og jafnvel *Elmer* frekar en *Sigmar*. Eins og sjá má af dæmunum um ættarnöfnin getur stafsetningin verið svolítið mismunandi, t.d. það hvort ritað væri -s- eða -ss- í -son-nöfnum þar sem samhljóð fer á undan, en margir hafa einfaldað -ss- í -s- í slíkum tilvikum (sjá líka Harald Bessason 1958). Eins og ritrýnir bendir á getur þetta verið misjafnt eftir ættum, t.d. þannig að *Guttormson* og *Guttormsson* séu ekki af sömu ætt. Íslenskir bókstafir eru ekki notaðir í þessum lista, enda nota Vestur-Íslendingar þá yfirleitt ekki í nöfnum sínum af skiljanlegum ástæðum.

2.2 Örnefni

Þegar íslensku landnemarnir settust að vestra fundu þeir strax að „landslag yrði lítills virði ef það hétu ekki neitt“, eins og Tómas Guðmundsson komst að orði í kvæði sínu „Fjallganga“ (1953, 87). Svo þurftu þeir auðvitað að gefa býlum sínum eða jarðarskikjum einhver nöfn. Stefán Einarsson lýsir þessum nafngiftum nokkuð í yfirlitsgrein sinni (1937, 23). Sum þessara nafna tóku þeir með sér að heiman en önnur voru smíðuð vestra, að nokkru leyti undir

enskum áhrifum (dæmin í (6) eru tekin úr greinum Haraldar Bessasonar og frá Gerrard 1979):

- (6) a. Grund, Framnes, Fagranes, Siglunes, Djúpidalur
- b. Skálholt, Hlíðarendi, Öxará, Thingvellir
- c. Hávarðarpláss, Magnúsarpláss, Arnfinnsland, Stefánsland, Jóns Eyj-
ólfssonarland

Heiti af a-gerðinni hafa landnemar væntanlega tekið með sér að heiman, heiti af b-gerðinni hafa haft sögulega þýðingu. Ensku áhrifin koma fram í nöfnum af c-gerðinni af því að í staðinn fyrir *-staði*, *-gerði* eða *-kot* koma hér orðhlutarnir *-pláss* eða *-land* fyrir áhrif frá *place* og *land* í enskunni, að mati Stefáns Einarssonar (1937). Ítarlegra yfirlit yfir örnefni í byggðum Vestur-Íslendinga er að finna í greinum Haraldar Bessasonar (1967, 1971, sjá líka yfirlit Gísla Sigurðssonar 2001) og hjá Gerrard (1975, 1979). Þar kemur t.d. fram að sum nafnanna voru dregin af staðhátum (náttúrunöfn) en önnur áttu rót sína að rekja til norrænnar goðafræði:

- (7) a. Vidir, Lundar, Vogar, Arbakka
- b. Baldur, Bifrost, Gimli

Mörg þeirra nafna sem Vestur-Íslendingar notuðu hafa þó ekki komist á opinberar skrár kanadíska örnefnastofnunarinnar. Þannig segir Haraldur að á tilteknu svæði í Manitoba (á Mikley (*Hecla Island*) í Winnipegvatni og svæðunum þar vesturaf) hafi tíðkast um 170 íslensk bæjarheiti en í hinni opinberu örnefnaskrá fyrir Manitoba séu aðeins rúmlega 20 örnefni af íslenskri rót, svo sem þessi (sjá Gísli Sigurðsson 2001):

- (8) Arbakka, Arborg, Baldur, Bifrost, Bjarnason Island, Geyser, Gimli, Grund, Gunnar Rock, Hecla Island, Hnausa, Hnausa Reef, Husavick, Icelandic River (Íslendingafljót), Lundar, Reykjavik, Siglunes, Sigurdsson Island, Solmundsson Lake, Thorsteinson Lake, Vidir, Vogar

Eins og við er að búast eru ekki notaðir íslenskir stafir í þessum nöfnum í opinberum heimildum. Sum þeirra eru líka blanda af íslensku og ensku (*Gunnar Rock*, *Sigurdsson Island*) og form nokkurra þeirra kemur kannski á óvart (*Arbakka*, *Hnausa*). Síðasta atriðið tengist því að snemma virðist hafa verið hætt að beygja örnefni vestra – og reyndar mannanöfn líka (sjá t.d. Harald Bessason 1984b, 12) – og þá hafa þau kannski fest rætur í aukafalli.

Líklega er mest um örnefni af íslenskri rót í Manitoba, einkum á því svæði sem kallað var Nýja Ísland. Nelson Gerrard hefur kynnt sér þessi örnefni manna mest og segir frá meintri tilurð margra þeirra í yfirlitsgrein sinni (1979) en sumar sögurnar minna á samsvarandi sagnir í Landnámu. Þannig

átti einn landneminn að hafa týnt gullhring þegar hann var að ryðja skóg af landi sínu og nefndi bæ sinn því *Gullbaugsstaði*; annar átti mikið uppáhaldsnaut sem hét Kári en það sökk í mýri og þar heita síðan *Kárastaðir*; landnemar sáu reyk frá Indíanabyggð og byggðu þar bæinn *Reykhóla*; einn landneminn fann kjöl af bát þar sem síðan heitir *Kjalvík*. Sum örnefnin hafa sjálfsagt ekki náð fótfestu, enda ekki til þeirra stofnað af mikilli alvöru. Til dæmis var einn bærinn nefndur *Grútur* því þar bjó aðsjáll maður og annar Ístra því bóndinn þótti vel í holdum (Gerrard 1979).

Ekki var hugað skipulega að örnefnum í MMMS-verkefninu þótt þau væru vissulega verðugt rannsóknarefni. Þau koma þó auðvitað eitthvað við sögu í viðtölunum sem voru tekin (2013–2014) en samt mun meira í viðtölunum í bókinni *Sögur úr Vesturbeimi* (2012), í ýmsum bréfasöfnum, t.d. þeim sem Böðvar Guðmundsson gaf út (*Bréf Vestur-Íslendinga I–II* 2001–2002), og í dagbókum (sjá t.d. *Burt – og meir en bæjarleið* 2001). Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á vesturíslenskum örnefnum einskorðast að mestu við Íslendingabyggðirnar í Manitobafylki og forvitnilegt væri að vita að hvaða marki þær hafa sérstöðu á þessu sviði.

3. ORÐAFORÐI

Orðaforði vesturíslensku er forvitnilegur, bæði þau tökuorð sem eru komin úr ensku og eins merking og form þeirra orða sem Vestur-Íslendingar höfðu með sér að heiman í lok 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. Í þessum kafla verður fyrst og fremst rætt um tökuorðin og þá einkum byggt á því sem finna má í vesturíslenskum blöðum um þetta efni og í ýmsum rannsóknum fræðimanna. Fyrst er sagt frá afstöðu Vestur-Íslendinga til tökuorða á landnámsárunum vestra, síðan er lýsing á aðlögun tökuorðanna að íslensku málkerfi, þá er fjallað sérstaklega um skiptingu tökunafnorða eftir kynjum og loks sagt stuttlega frá tökusögnum. Nánar verður svo fjallað um beygingar í 4. kafla og þá bæði hugað að beygingu tökuorða og annarra orða í vesturíslensku.

3.1 Afstaða til tökuorða

Íslendingarnir sem fluttust til Vesturheims í lok 19. aldar settust að í nýju samfélagi með nýjum atvinnuháttum, tækjum, búnaði, vörutegundum, skepnum, húsakosti, stofnunum o.s.frv. Þeir höfðu ekki íslensk orð yfir allar þessar nýjungar og þá var auðvitað nærtækt að grípa til enskra orða og laga þau e.t.v. að einhverju leyti að íslensku, þ.e. nota **tökuorð**. Annar kostur var sá að reyna að búa til ný íslensk orð eða gefa gömlum íslenskum orðum nýja merkingu. Þriðji möguleikinn var svo síðan að leggja íslenskuna alveg

til hliðar og taka smám saman upp enska meirihlutamálið. Íslendingar vestra ræddu þessa kosti talsvert undir lok 19. aldar og töluðu þá m.a. um **viðhalds-stefnu** annars vegar og **afnámsstefnu** hins vegar. Þetta álitafni var t.d. rætt á sérstökum kappræðufundi sem lýst er á eftirfarandi hátt í *Lögbergi* (22. nóvember 1906, bls. 5, leturbreytingar okkar):

Næst var rökrætt afnám og viðhald móðurmáls Vestur-Íslendinga [...] Hinir fyrnefndu héldu fram að íslenzkan mundi fyrir eða síðar líða hér undir lok, og það stæði oss aðeins fyrir þrifum að reyna að halda henni við. Oss væri langtum betra að leggja hana frá oss, því þá gætum vér hindrunarlaust fleygt oss út í hinn ameríkanska menningarstraum og sökt oss niður í hinar ensku bókmentir; þær hefðu hvort sem væri miklu meira að bjóða. En fremur héldu þeir fram, að íslenzkan væri orðin svo afskræmd og orðskrípin svo mörg hjá oss, að landar vorir væru í stórvandræðum með að skilja oss fyrst þegar þeir kæmu að heiman [...] Verjendur aftur á móti héldu því fram, að þó það ef til vill lægi fyrir íslenzkunni að líða einhvern tíma undir lok, þá væri það háleit skylda vor allra að leggja rækt við móðurmál vort og varðveita tungu vora og þjóðerni svo lengi, sem oss væri unt. Það væri svo margt göfugt í þjóðerni voru og margt fagurt í vorum bókmentum, sem vér mættum alls ekki missa. Þeir sýndu fram á, að ef vér fleygðum frá oss íslenzkunni, þá væri bræðra sambandið milli Austur- og Vestur-íslendinga slitið. Og um leið ræktarsemi til ættingja og vina, til lands og þjóðar, sem væri hin fegursta dygd í fari hvernar þjóðar, gjöreyðilögð. Sýndu þeir einnig með dæmum fram á, að móðurmálið stæði mönnum ekki og hafi aldrei staðið Íslendingum hér fyrir þrifum, hvorki í mentalegu eða verklegu tilliti.

Hér er m.a. rætt um afskræmingu og orðskrípi og þá er kannski átt við eitthvað af því sem tínt er til í eftirfarandi pistli (Jóhann Magnús Bjarnason 1894, 3):

Flestir munu fara í og úr „kótinu“ sínu, borða sinn *breakfast*, sinn *dinner* og sinn *supper*. Flestir þurfa að fá „stampa“ á bréfin, sem þeir þurfa að „pósta“. Þeir kaupa flestir *flour* og „korðvið“, hafa *fence* fyrir framan húsið sitt og kringum „lotin“ sín. Bændur „brjóta“ jörðina, „hóa“ upp moldina, grafa niður „pósta“, byggja „sjenta“ og vinna daglega á „fílum“. Þeir láta *harness* á hest-

ana, slá heyið með *mower*, „rípa kroppið“, draga út „logga“ og geyma kornið sitt í „greiniríni“ og þeir eiga uxa-*team* og „póna“ og *Cutter* og lesa „pappírinn“ eftir te. Konurnar þurfa að hafa „bauler“ og *broom* í húsinu, „lifter“ við stóna og „sett“ á borðinu, *Wash-stand* í horninu og *Carpet* í „parlorinn“ og þær „skrobba“ gólfíð og þær „fixa“ til í húsinu. Ungu fólkið fer „út fyrir *drive*“ og fer á „treininu“ til næstu staða. Stúlkurnar horfa á sig í „glasinu“ og hafa „topp“, þær bera á sig *scent* og láta *dressmaker* búa til kjólana sína; þær sækja um að verða *diningroom*-stúlkur, eða komast í „kitsjenið“ og „londríð“; þær verða að baka *pie* „píla“ kartöflur, „rósta“ kjöt og „klína upp“ húsið. Piltarnir „taka þær út fyrir *walk*“ eftir „sædvokunum“ og heyra „bandið spila“ í „parkinu“ ...

Hér er athyglisvert að Jóhann Magnús greinir tökuorðin í raun í tvo flokka. Innan gæsalappa eru þau sem eru á einhvern hátt löguð að íslensku málkerfi, t.d. beygð á íslenskan máta, en skáletruð þau sem eru tekin óbreytt úr ensku. Aðlögun og meðferð tökuorða í vesturíslensku varð síðar viðfangs-efni fræðimanna og helstu rannsóknum á því sviði er lýst í nokkrum köflum í bók Clausings (1986) og í 3. kafla bókar Birnu Arnbjörnsdóttur (2006). Í næstu undirköflum verður sagt frá þessum rannsóknum.

3.2 Aðlögun tökuorða í vesturíslensku

Í grein sem Haraldur Bessason skrifaði um vesturíslenskan orðaforða (1967) er sagt frá skipulegum rannsóknum hans, einkum á tökuorðum, en efninu safnaði hann aðallega með viðtölum við þrjátíu málhafa frá Winnipeg og Nýja-Íslandi. Af málhöfum Haralds voru fimm fæddir á Íslandi, fimmtán voru af annarri kynslóð innflytjenda og tíu voru af þriðju kynslóð. Haraldur tók viðtölin upp á segulband en ekki er vitað, nú þegar þetta er skrifað, hvar þessar upptökur eru niðurkomnar. Gögnin eru þó afar mikilvæg þar sem þeim var safnað áður en samskipti milli Íslendinga (á Íslandi) og Vestur-Íslendinga jukust upp úr 1974. Tökuorðin eru rituð með íslenskum rithætti enda ekki ólíklegt að á þeim tíma séu þau orðin hluti af vesturíslenska málafbrigðinu. Í greininni kemur fram að langflest tökuorðin eru nafnorð en einnig eru allmargar tökusagnir og tökulýsingarorð (sjá líka Gísla Sigurðsson 1984). Haraldur flokkar tökuorðin í nokkra undirflokka og notar flokkunaraðferðir Haugens (1953). Hér eru nokkur dæmi, flest frá Haraldi Bessasyni (1967, 120–123; 1984b; sjá líka Clausing 1986, 10. kafla; Gísla Sigurðsson 2001; Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 61 o.áfr.; Kristínu M. Jóhannsdóttur 2006, 140–141):

- (9) a. **Hrein tökuorð** eru bein eftirlíking af enska orðinu en yfirleitt með íslenskum framburði og beygingarendingum: *address*, *akkordíon* ‘harmóníka’ (e. *accordion*), *beisment* ‘kjallari’ (e. *basement*).
- b. **Blönduð tökuorð** hafa ýmist enska orðstofna og íslensk viðskeyti eða eru samsett úr íslenskum og enskum orðstofnum: *farmari* ‘bóndi’ (e. *farmer*), *tóstari* ‘brauðrist’ (e. *toaster*), *steibla* ‘fjós, gripahús’ (e. *stable*), *dröggubúð* ‘lyfjabúð’ (e. *drugstore*), *sprústré* ‘grenitré’ (e. *spruce tree*), *jólakarð* ‘jólakort’ (e. *Christmas card*).
- c. **Nýmyndanir** sem líta út eins og íslensk orð en merkingin hefur breyst eða orðin eru notuð í nýju samhengi: *kar* ‘bíll’ (e. *car*), *fylla inn* ‘útfilla’ (e. *fill in*), *ísrjómi* ‘rjómaís’ (e. *ice cream*), *ljósbús* ‘viti’ (e. *lighthouse*), *yfírskor* ‘skóhlífar’ (e. *overshoes*), *skar* ‘ör’ (e. *scar*).

Áðurnefndir fræðimenn tala líka um **merkingarvíkkun** sem sérstaka tegund enskra áhrifa á vesturíslenska orðaforðann, en hún getur komið fram með ýmsum hætti:

- (10) a. Merkingarsvið íslensks orðs víkkar fyrir áhrif frá ensku orði sem er skyldrar merkingar: *kalla* ‘hringja’ (e. *call*), *lifa* ‘eiga heima, búa’ (e. *live*), *vanta* ‘langa til’ (e. *want*), *vera stuttur* ‘vanta’ (e. *be short on*), *þunnur* ‘grannur, mjór’ (e. *thin*).
- b. Íslensk orð notuð að enskum hætti eða tekin fram yfir önnur íslensk orð vegna enskrar fyrirmyndar: *hafa* ‘eiga’ (e. *have*), *tengda-bróðir/-systir* ‘mágur, mágkona’ (e. *brother/sister in law*).
- c. Íslensk orð notuð sem þýðing á samsvarandi orðum í ensku þótt hefðbundin íslensk merking sé önnur: *bryggja* ‘brú’ (e. *bridge*), *nón* ‘hádeggi’ (e. *noon*), *gólf* ‘hæð’ (e. *floor*, sbr. *hann lifir á fyrsta gólfi* ‘hann býr á fyrstu hæð’).

Augljóslega er samspil milli gerðar tökuorðanna og þess hvernig farið er með þau í málinu, t.d. að því er varðar beygingu. En áður en hugað verður nánar að beygingu tökuorðanna er forvitnilegt að skoða skiptingu tókunafn-orða eftir kynjum því rannsóknir á henni ná lengst aftur og gefa áhugaverða mynd af ákveðnum þætti í þróun vesturíslensku.

3.3 Kyn tókunafnordða

Vilhjálmur Stefánsson, síðar landkönnuður, gerði fyrstu skipulegu athugunina á vesturíslenska tökuorðaforðanum (1903). Markmið hans var ekki að hneykslast á „orðskrípum“, eins og ýmsir landar hans höfðu gert í skrifum í vesturíslenskum blöðum, heldur að reyna að átta sig á því hvað ræður kyni tökuorðanna, en þar fetaði hann í fótspor bandaríska málfræðingsins George

T. Flom, sem hafði gert hliðstæða athugun (1903) á enskum tökuorðum í máli fólks af norskum ættum vestra.⁶ Vilhjálmur tók dæmi sín úr þeirri íslensku sem töluð var á þessum tíma í samfélögum íslenskra innflytjenda í Norður-Dakóta aldarfjórðungi eftir að fyrstu Íslendingarnir settust að á þeim slóðum árið 1878. Vilhjálmur ólst að mestu leyti upp á þessu svæði og áleit að samfélagið teldi um það bil 3.000 íbúa af íslenskum ættum þegar þetta var. Hann getur þess að framburður tökuorðanna sé mjög mismunandi eftir málhöfum, allt frá beinum enskum framburði til íslensks framburðar þar sem orðin hafa líka verið felld inn í íslenskt beygingarkerfi. Í frásögn hans má einnig greina merki um þá mismunandi afstöðu Vestur-Íslendinga til ensku og enskra tökuorða sem áður var vikið að því hann segir m.a. (1903, 355):

There were, however, and still are, a few persons who refused to mix these terms with their language and compounded terms of their own to meet the needs. These men would refer to a “mower” as *sláttu-vjel* (mowing-machine), etc., and thus kept their speech uncorrupted. Even at the present day there are many in the settlement who use scarcely one of the words enumerated in the following list. Yet these words are now firmly established in the every-day language of the majority.⁷

Form og beyging ákveðna greinisins er ein helsta vísbendingin um kyn tökunafnorðanna. Í athugun sinni skoðar Vilhjálmur hvort finna megi einhverjar reglur sem spá fyrir um það hvaða kyn þau fá. Þar fer hann svipaðar leiðir og Flom og finnur ýmsar tilhneigingar þótt reglurnar séu ekki algildar. Þessar eru helstar samkvæmt samantekt hans:

- (11) a. orð sem enda á *-l* eða *-ll* eru oft hvorugkyns: *wheel*, *baseball*
- b. orð sem enda á *-er* eða bara *-r* eru oft karlkyns: *poker* ‘skörungur’, *revolver*
- c. eðliskyn getur ráðið málfræðilega kyninu: *broncho* kk. ef um karlkyns hest er að ræða

⁶ Flom var af norskum ættum. Hann var kennari í norrænum málum og málvísindum við Iowaháskóla þegar Vilhjálmur Stefánsson var þar við nám og þeir kynntust þá (Gísli Pálsson 2003, 55). Það sem Flom kallar „Norse dialects“ í heiti greinar sinnar er mál norskættaðra innflytjenda í Wisconsin, einkum frá Sogni, Telemark og Numedal (Flom 1903, 11). Í heima-mállýskunum – og í máli innflytjendanna – voru þrjú kyn á þessum tíma eins og enn er í ýmsum norskum mállýskum.

⁷ Hér virðist Vilhjálmur gera ráð fyrir því að Vestur-Íslendingar hafi fyrstir smíðað orðið *sláttu-vjel* (eða *sláttuvél*) en á timarit.is má þó finna dæmi frá Íslandi frá því fyrir vesturferðir, t.d. í *Nýjum tíðindum* 1851–1852.

Varðandi *-er*-endinguna bendir Vilhjálmur (1903, 356) á að þar kunni lík-
indi við íslensku gerand- eða tækisnafnaendinguna *-ari* að ráða kyninu.
Sú staðreynd að *cover* ‘lok, teppi ...’ og *bolster* ‘hulstur’ eru bæði höfð í
hvorugkyni þrátt fyrir *-er*-endinguna styður þetta. Vilhjálmur bendir líka á að
stundum ræður eðliskynið því hvaða fornafn er notað til að vísa í fyrirbærið
en form nafnorðsins ræður því hvaða greinir er notaður. Þannig er sagt
dressmakerinn (kk., gerandnafn sem endar á *-er*) en síðan kannski sagt *bún*
þegar vísað er til kjólasaumakonunnar sem nafnorðið á við. Þetta þekkist
auðvitað líka í heimaíslensku (sbr. *ráðherrann sagði ... en bún vildi þó ekki*
...). Eins er orðið *constable* venjulega haft í hvorugkyni (endar á /l/) en þó
stundum í karlkyni í samræmi við eðliskynið.

Stefán Einarsson (1937, 18–19) gerir nokkrar athugasemdir við þær reglur
um skiptingu tökunafnorða eftir kynjum sem Vilhjálmur telur sig hafa fund-
ið. Helstu athugasemdir hans eru þessar:

- (12) a. **Kyn „samsvarandi“ orðs** í íslensku ræður meiru en Vilhjálmur gerir
ráð fyrir, eða í næstum fjórðungi tilvika, en „samsvarandi“ getur þá
annaðhvort átt við form (*room* er þá hk. af því að *rúm* er hk.) eða
merkingu (*kitchen* er hk. af því að *eldhús* er hk.) eða hvort tveggja.
- b. **Viðskeyti tökuorðsins** getur skipað því í flokk með íslenskum
orðum sem hafa samhljóða viðskeyti (*ceiling* og *crossing* eru þá
kvk. af því að orð eins og *kerling* eru kvk.). Þetta getur líka átt við
um vesturíslensk tökuorð sem fá sams konar viðskeyti og þekkt
tökuorð hafa á Íslandi (sbr. að *auditor* minnir á *doktor*, *election*
minnir á *aksjón*).
- c. **Samneyti við norska, sænska og danska innflytjendur** gæti hafa
valdið því að kyn allmargra tökuorða var á reiki á þessum tíma
(sbr. aths. hér á eftir) því sumir þeirra höfðu þrjú kyn í sínu máli
en aðrir tvö.

Grein Vilhjálmss endar á lista yfir 467 nafnorð sem notuð voru í vesturís-
lensku í Norður-Dakóta á þessum áruum. Þau eru öll stafsett á enskan máta,
enda segir Vilhjálmur að framburður þeirra sé mjög mismunandi meðal
Vestur-Íslendinga, hjá sumum eðlilegur enskur framburður en hjá öðrum
með mjög sterkum íslenskum hreim. Hann tilgreinir kyn allra orðanna og
bendir á að ekki sé komin full festa á það í öllum tilvikum – sum orðin séu
notuð í fleiri en einu kyni. Í lokin gefur hann eftirfarandi yfirlit þar sem
orðum er skipt eftir kynjum (1903, 362, nokkrum dæmum úr lista hans bætt
hér inn í yfirlitið):

Tafla 1: Skipting tökuorða Vilhjálms eftir kynjum

kyn	Fjöldi	dæmi
hk.	176	<i>album, baseball, ball, kitchen, wheel</i>
kk.	137	<i>fork, guitar, poker</i> 'skörungur', <i>revolver, stamp</i>
kvk.	44	<i>auction, crossing</i> 'gatnamót', <i>election, piece, stove</i> 'eldavél'
kvk. og hk.	56	<i>arithmetic, banjo, orchestra, ranch, stable</i>
kk. og hk.	30	<i>breakfast, mink, photograph, square, tricycle</i>
kk., kvk. og hk.	20	<i>automobile, balance, pasture</i> 'hagi', <i>telephone, turkey</i>
kk. og kvk.	4	<i>feed</i> 'fóður', <i>furrow</i> 'skurður', <i>scarlet fever, tomato</i>
Samtals:	467	

Hér er helst að sjá að hvorugkynið sé sjálfgefið og kvenkynið er tiltölulega sjaldgæft, mun sjaldgæfara en í íslensku nútímamáli eins og síðar verður vikið að.

Haraldur Bessason fjallar einnig ítarlega um skiptingu tökunafnorða eftir kynjum og það er fróðlegt að bera saman kynskiptinguna í listum Vilhjálms og Haraldar (algengasta kynið auðkennt með feitletri, sbr. líka *töflu 1* hér framar):

Tafla 2: Skipting tökunafnorða eftir kynjum í tveim könnunum

kyn tökunafnorða	Vilhjálmur	Haraldur
hk.	38%	47%
kk.	29%	29%
kvk.	9%	20%
breytilegt kyn	24%	4%
Samtals	100%	100%

Hér má sjá að hvorugkynsorðin eru ennþá stærri hluti af orðasafni Haraldar en Vilhjálms. Skýrasta breytingin á þeim 60 árum sem líða á milli þessara kannana er þó kannski sú að meiri festa hefur komist á málvenjuna þannig að færri tökuorð fá breytilegt kyn. Dæmi:

- (13) a. *brush* er skráð sem hk. og kk. hjá Vilhjálmi, *bröss* aðeins sem kk. hjá Haraldi
b. *cake* er skráð sem hk. og kvk. hjá Vilhjálmi, *keik* aðeins sem kvk. hjá Haraldi

- c. *field* getur haft hvaða kyn sem er hjá Vilhjálmi, *fíld* aðeins hk. hjá Haraldi⁸

Loks er kvenkynið orðið heldur algengara en það var. Það á t.d. við um orð sem enda á *-ing* eða *-ion* í ensku (sbr. *míting* ‘fundur’ (e. *meeting*), *þorsjón* ‘skammtur’ (e. *portion*)) en einnig virðist hafa færst í aukana að láta tökuorð fá endinguna *-a* og beygjast eins og veik kvenkynsorð (sbr. *nörsa* ‘hjúkr-unarkona’ (e. *nurse*), *steibla* ‘fjós’ (e. *stable*)).

Þrátt fyrir þessa sókn kvenkynsins er hvorugkynið ennþá langalgengast í safni Haraldar og það vekur nokkra athygli. Samkvæmt könnunum sem hafa verið gerðar á hlutfallslegri tíðni kynjanna þriggja í íslensku nútímamáli er ekki mikill munur á tíðni þeirra. Í *töflu 3* er hlutfall kynjanna í tökuorðum Vilhjálms og Haralds (þeim sem þeir telja hafa ótvírætt kyn) borið saman við hlutföllin í tveim könnunum á íslenskum orðaforða (Ásta Svavarsdóttir 1993; Friðrik Magnússon 1988; sbr. líka Guðrúnu Kvaran 2005, 212; algengasta kynið í hverri könnun auðkennt með feitiletri líkt og áður):

Tafla 3: Skipting nafnorða eftir kynjum í fjórum könnunum

kyn	Vilhjálmur		Haraldur		Ásta		Friðrik	
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall
hk.	176	49%	169	49%	338	32%	1.225	31%
kk.	137	39%	105	30%	281	27%	1.347	34%
kvk.	44	12%	72	21%	428	41%	1.407	35%
Samtals	357	100%	346	100%	1.047	100%	3.979	100%

Hér er greinilegur munur á hlutfallslegum fjölda kynjanna í tökuorðunum vestra og í innlenda orðaforðanum á Íslandi, einkum að því er varðar kvenkynið. Það er stærsti flokkurinn í innlenda orðaforðanum samkvæmt könnunum Ástu og Friðriks en langminnst í söfnum Vilhjálms og Haraldar. Hér verður ekki fjölýrt um hugsanlegar ástæður fyrir þessu.⁹

Stephen Clausing fjallar talsvert um kyn tökuorða í bók sinni (1986).¹⁰ Hann gefur yfirlit yfir rannsóknir Vilhjálms og Haraldar en bætir eigin athugunum við. Mesta nýjungin í aðferðum hans er sú að reyna að greina á milli

8 Vilhjálmur nefnir reyndar (1903, 356–357) að sumir Vestur-Íslendingar hafi tekið orðið *field* inn í mál sitt frá norskum innflytjendum, framburðurinn hafi þá borið merki þess og orðið verið haft í karlkyni en aðrir hafi tekið það beint úr ensku og haft það í hvorugkyni.

9 Þetta er að verulegu leyti í samræmi við niðurstöður annarra athugana á tökuorðum í íslensku, sjá t.d. Kress (1966), Eyvind Eiríksson (1975, 1981), Ástu Svavarsdóttur (1993, 2003), Guðrúnu Kvaran og Ástu Svavarsdóttur (2002) og Guðrúnu Kvaran (2004).

10 Það sem Clausing segir um þetta í bókinni virðist byggt á efni sem hann safnaði fyrir doktorsritgerð sína (1981).

þeirra ólíku krafta sem geta haft áhrif á skiptingu tökunafnorða eftir kynjum, en í því efni skoðar hann fimm atriði:

- (14) a. eðliskyn hefur áhrif (*the natural gender rule*)
- b. kyn samhljóma orðs í íslensku hefur áhrif (*the congener rule*)
- c. form tökuorðsins hefur áhrif, t.d. viðskeyti þess eða hvernig orðið endar (*the morphology rule*)
- d. hvorugkyn er sjálfgefið (*the neuter tendency rule*)
- e. kyn samsvarandi orðs í íslensku hefur áhrif (*the equivalence rule*)

Öll þessi atriði höfðu komið við sögu í fyrri rannsóknum. Þannig benti Vilhjálmur Stefánsson (1903) á áhrif endingar og eðliskyns (sjá (11)), Stefán Einarsson (1937) lagði áherslu á kyn samhljóma og samsvarandi orðs, auk formsins (sjá (12)), og Haraldur Bessason (1967) benti á flest þessara atriða þótt enginn þessara manna gerði mikið úr því að hvorugkynið væri sjálfgefið (e. *default*). Clausen fer hins vegar skipulegar yfir samspil þessara þátta en fyrri rannsakendur höfðu gert og freistar þess að raða þeim í mikilvægisröð (1986, 121), en hún er að mati hans sú sem sýnd er í (14).

Loks er vert að minna á að í útgáfum á vesturíslensku efni má finna margvíslegan fróðleik um tökuorð vestra og meðferð þeirra. Þetta á t.d. við um útgáfu Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar á dagbókum og persónulegum skrifum vesturfara (*Burt – og meir en bæjarleið* 2001), bréfasöfnin sem Böðvar Guðmundsson gaf út (*Bréf Vestur-Íslendinga I–II* 2001–2002) og útgáfu Gísla Sigurðssonar á *Sögum úr Vesturheimi* (2012), en það er efni úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur. Í síðarnefndu útgáfunum tveim eru oft skýringar neðanmáls á tökuorðum og í bréfasafni Böðvars eru vesturíslenskir orðalistar aftast í báðum bindunum.

Í MMMS-verkefninu var ekki hugað sérstaklega að orðaforðanum en auðvitað mætti skoða hann í þeim gögnum sem safnað var í viðtölunum og bera niðurstöðurnar saman við eldri heimildir um málið.

3.4 Sagnorð

Í Vesturheimi vantaði íslensku innflytjendurna auðvitað ekki bara nafnorð til að nefna nýstárlega hluti af ýmsu tagi heldur líka sagnorð fyrir nýstárlegar athafnir. Ýmsir sem hafa fjallað um vesturíslenska orðaforðann vekja náttúrulega athygli á þessu, t.d. Haraldur Bessason, sem bendir á að tökusagnorð séu næststærsti tökuorðaflokkurinn á eftir tökunafnorðum (1967, 132; sbr. líka 1984b). Athugasemdir Gísla Sigurðssonar í útgáfu hans á *Sögum úr Vesturheimi* geyma ýmsan fróðleik um meðferð sagna vestra og af áður-nefndum orðalistum í útgáfu Böðvars Guðmundssonar á *Bréfum Vestur-*

Íslendinga I-II (2001–2002) má líka læra margt um sagnirnar. Í *töflu 4* eru nokkur sýnishorn af sögnum úr orðalista Böövars (dæmin tekin úr orðalistanum í II. bindi, bls. 749–753):

Tafla 4: Nokkrar vesturíslenkar sagnir

sögn	ensk samsvörun	merking
bosta	bust	‘gera gjaldþrota’
drilla	drill	‘bora’
fensa	fence	‘girða’
gróa	grow	‘rækta’
hófa	hoe	‘vinna með hlújárni’
moppa	mop	‘þurrka með þvegli’
morgisa	mortgage	‘veðsetja’
nursa	nurse	‘hjúkra’
plastra	plaster	‘múrhúða’
raffla	raffle	‘halda tombólu’
reisa	raise	‘rækta, ala upp’
renta	rent	‘leigja, leigja út’
sjokka	shock	‘binda kornöx í bundin’
trappa	trap	‘veiða í gildru’
lifa	live	‘eiga heima, búa’
vanta	want	‘langa til’

Eins og sjá má eru flestar þessara sagna teknar beint úr ensku en lagaðar svolítið að íslensku hljóðkerfi og stafsettar á íslenskan máta. Síðustu tvær sagnirnar eru þó svolítið annars eðlis því að þar er í raun aðeins um að ræða merkingarvíkkun á sögnum sem minna á ensku samsvaranirnar bæði að merkingu og útliti. Hér er líka vert að taka eftir því að þótt í sumum tilvikum sé augljóslega um að ræða sérstakar athafnir sem landnemunum hafa verið ókunnar og þeir hafa því ekki haft orð yfir (sjá t.d. *hófa*, *plastra*, *sjokka*) á það varla við um öll dæmin (sbr. *fensa/girða*, *morgisa/veðsetja*, *renta/leigja*).

4. BEYGINGAR

Í umfjöllun um vesturíslenku má alloft finna einstakar athugasemdir sem varða beygingu. Þessar athugasemdir geta þó verið misjafnar að eðli:

- (15) a. Dæmi um það að fallorð standi í öðru falli en vænta mætti miðað við heimaíslensku.
- b. Dæmi um það að lýsingarorð sé í öðru kyni eða tölu en það myndi vera í heimaíslensku.
- c. Dæmi um það að íslenskt fallorð, t.d. sérnafn, sé látið óbeygt þar sem beygingar væri að vænta.
- d. Dæmi um það að fallorð sem er tökuorð sé látið óbeygt þar sem beygingar væri að vænta.
- e. Dæmi um það að íslensk orð séu beygd öðruvísi en hefðbundið er.

Það er mikilvægt að reyna að greina á milli þessara dæma. Ástæðan er sú að sumt af þessu varðar í raun setningafræði eða setningagerð en ekki beygingafræði. Þannig varðar (15a) fallstjórn, t.d. það hvaða fall tilteknað sagnir eða forsetningar taka með sér, og fallstjórn er ekki hluti af beygingafræðinni. Á svipaðan hátt getur lýsingarorð lagað sig að því nafnorði sem það stendur með eða á við en sé misbrestur á því í máli tilteknað málnotanda þarf það ekki að segja neitt um kunnáttu hans í því að beygja viðkomandi lýsingarorð. Þetta má skýra með tilbúnum dæmum:

- (16) a. Hún talaði **við Haraldi**.
- b. Þetta er íslenskt bók.

Í báðum þessum dæmum má sjá frávík frá því sem almennt tíðkast í heimaíslensku.¹¹ Orðmyndin *Haraldi* í (16a) þarf hins vegar ekki að segja neitt um kunnáttu viðkomandi málnotanda í því að beygja nafnið *Haraldur* á hefðbundinn hátt. Hann gæti alveg eins verið að nota annað fall með forsetningunni *við* en venja er. Í (16b) er greinilega notað annað kyn af lýsingarorðinu íslenskur en vænta má miðað við heimaíslensku en þetta gæti málnotandi gert þótt hann kynni að beygja lýsingarorðið í öllum föllum, kynjum og báðum tölum á hefðbundinn hátt. Frávikin í (16b) væru þá ekki beygingarleg heldur varða þau svonefnt **samræmi** (e. *agreement*) og það er setningafræðilegt fyrirbæri. Vegna þessa verður umfjöllun um fallstjórn og samræmi geymd þar til í 6. kafla þessarar greinar.

Þeir fræðimenn sem fjalla um vesturíslenska orðaforðann víkja stundum að því hvernig tökuorðin beygist þótt þeir hafi yfirleitt ekki gert nákvæma

11 Þegar verið er að lýsa einkennum vesturíslensku er hún yfirleitt borin saman við heimaíslensku og ýmsum einkennum þá lýst sem **frávikum** frá henni, enda er það þægilegasta viðmiðið. Hins vegar er ekki alltaf ljóst hvort slík frávik eru einhvers konar mismæli og þá „mistök“ í **málbeitingunni** (e. *performance*) eða hvort þau endurspeglar annars konar **málkunnáttu** (e. *competence*) eða **málkerfi** en það sem einkennir þá íslensku sem er töluð á Íslandi. Það er oft vandasamt að greina þarna á milli og sá vandi er ræddur í ýmsum greinum í þessari bók. Við þökkum ritrýnanda fyrir ábendingu um að skerpa á þessari hugtakanotkun.

athugun á beygingunni í smáatriðum. Meðal athugasemda um beygingar má nefna þessar (hjá Gísla Sigurðssyni 2001 og Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 97 o.áfr.):

(17) Tökunafnorðin falla helst í þessa beygingarflokka (sjá líka 3. kafla hér framar):

- a. **Sterk hvorugkynsorð** sem eru þá eins í eintölu og fleirtölu: *eitt kót* (e. *coat*) – *tvö kót*.
- b. **Sterk karlkynsorð** sem geta t.d. endað á *-ur* eða verið endingarlaus í eintölu en enda á *-ar* í fleirtölu: *loggur* (e. *log*) – *loggar*, *spíker* (e. *speaker*) – *spíkerar*.
- c. **Veik karlkynsorð** sem enda á *-i* í eintölu og *-ar* í fleirtölu: *farmari* (e. *farmer*) – *farmarar*.
- d. **Sterk kvenkynsorð** sem eru endingarlaus í eintölu en geta endað á *-ar* eða *-ir* í fleirtölu: *míting* (e. *meeting*) – *mítingar*, *sagsjón* (e. *section*) – *tvær sagsjónir*.
- e. **Veik kvenkynsorð** sem enda á *-a* í eintölu og *-ur* í fleirtölu: *nörsa* (e. *nurse*) – *tvær nörsur*, *steibla* – *tvær steiblur*.

(18) Tökusagnorðin beygjast jafnan veikt og enda á *-aði* í þátíð: *rósta* (e. *roast*) – *róstaði*.

Þetta virðist að verulegu leyti í samræmi við þá meðferð sem tökuorð eða ný orð fá í heimaíslensku (sjá tilvísanir í yfirlit um þetta í nmgr. 10 hér framar).

Í bók Clausings (1986) er gerð tilraun til þess að gefa skipulegt yfirlit yfir beygingu tökuorða í vesturíslensku. Það verður þó mjög brotakennt þar sem það er eingöngu byggt á dæmum sem Clausing fann í þeim viðtölum sem hann tók. Hann nefnir t.d. að þau tökulýsingarorð sem hann fann hafi verið óbeygd (1986, 68) en slíkt kemur líka fyrir í heimaíslensku (t.d. *smart jakki/kápa/jakkar/kápur/föt* ...). Eins og aðrir bendir hann sömuleiðis á að veikar tökusagnir fái *-aði*-beygingu (1986, 73). Helst er áhugavert að hann nefnir (1986, 79) að þgf.ft. af *farmari* geti verið *farmarum* þar sem búast mætti við *förmurum* með *u*-hljóðvarpi, en nefnir þó líka þgf.ft. *körunum* af *kar* 'bíll'.

Birna Arnbjörnsdóttir víkur nokkuð að beygingum í vesturíslensku í sinni bók (2006). Meðal atriða sem hún bendir á eru þau sem talin eru í (19a–d):

- (19) a. Sagnorð fá stundum veika beygingu þótt þau séu sterk í heimaíslensku, t.d. þau *blaupuðu*, ég *róaði* (bls. 98).
- b. *u*-hljóðvarp kemur ekki alltaf fram í sagnbeygingum þar sem þess er að vænta, sbr. þeir *kvartuðu*, *stúlkurnar taluðu*, þeir *kalluðu* (bls. 99).

- c. Í vesturíslenku er algengt að orð eins og *læknir* beygist eins og *-r* sé hluti stofnsins, þ.e. að fleirtalan t.d. sé þá *læknirar* (bls. 104, sjá líka Harald Bessason 1984b; Gísla Sigurðsson 2001).
- d. Í vesturíslenku er algengt að 1.p.ft. af *-st*-sögnum eins og *alast* (*upp*), *komast*, útskrifast endi ekki á *-umst* heldur *-ustum*, þ.e. *við ólustum upp*, *við komustum*, *við útskrifuðustum* (bls. 104).
- e. Algengt er að frændsemisorðin *faðir*, *móðir*, *bróðir* og *systir* séu eins í öllum föllum eintölu (sjá einnig Harald Bessason 1984b, Gísla Sigurðsson 2001).

Fyrsta atriðið er auðvitað vel þekkt úr málsögunni og úr barnamáli, þ.e. að algengasta veika beygingin sé notuð á sagnir sem upphaflega voru óreglulegar (sterkar). Dæmið í (19b) kemur kannski meira á óvart en minnir á dæmið *farmarum* í stað *förmurum* hjá Clausing, nema hvað áherslulausa sérhljóðið í öðru atkvæðinu kemur fram sem *-u-* í dæmum Birnu en sem *-a-* í dæmi Clausings. Þessi dæmi minna dálítið á það sem hefur gerst í fær-eyksu eftir að *u*-hljóðvarpið leið þar undir lok sem reglubundið ferli (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2011, 100–101). Loks eru dæmin í (19c–e) til marks um að beygingar sem voru algengar í íslensku á 19. öld hafi haldist vestra þótt dregið hafi úr þeim á Íslandi, trúlega fyrir áhrif skóla og málhreinsunarstefnu (sjá líka umræðu í þessari bók hjá Ástu Svavarsdóttur (2018) um samanburð á vesturíslenku og máli 19. aldar á Íslandi).

Þótt tökusagnir fái flestar *-aði*-þátíð í vesturíslenku virðist það þó ekki hafa verið alveg undantekningarlaust. Þannig kemur fyrir að sagnir sem hljóma mjög líkt og tiltekna sagnir í heimaíslensku fá samsvarandi þátíð og þær. Þetta á t.d. við um sögnina *reisa* í merkingunni ‘rækta’ (sjá *töflu 4* hér framar) sem samkvæmt áðurnefndum orðalista Böðvars er höfð *reisti* í þátíð. Þannig er þátíðin t.d. í bréfi frá Aðalbjarti Bjarnasyni 3. janúar 1897 til Torfa bróður hans í Ólafsdal (sbr. I. bindi af *Bréfum Vestur-Íslendinga I–II* 2001–2002, bls. 365).¹² Aðalbjartur skrifar líka *gróið* í merkingunni ‘ræktað’ (e. *grow*) en ekki *gróað* í bréfi til sama (15. maí 1910, sama rit, bls. 367) og annar bréfitari skrifar *greri upp* í merkingunni ‘óx upp’ (e. *grew up*, Magnús Ingvarsson í bréfi frá 1888, sbr. bls. 443 í I. bindi af bréfasafni Böðvars, þótt sú sögn hafi líka verið höfð *gróaði* í þátíð í vesturíslenku skv. orðalistanum í II. bindinu af *Bréfum Vestur-Íslendinga I–II* 2001–2002).¹³

12 Um þessi bréfaskipti má lesa nánar í grein Öldu B. Möller (2018) í þessari bók.

13 Eins og ritrýnir bendir á má auðvitað líka líta svo á að *gróa* (pt. *greri*) sé ekki tökusögnin *grow* úr ensku og *reisa* (pt. *reisti*) sé ekki tökusögnin *raise* úr ensku heldur hafi þama orðið merkingarvíkkun á íslensku sögnunum *gróa* og *reisa*.

Í MMMS-verkefninu var m.a. kannað hvernig þátttakendur mynduðu fleirtölu nafnorða. Þetta var gert með prófi sem var sniðið eftir svokölluðu *wug-test* sem Berko (1958) gerði upphaflega fyrir ensku.¹⁴ Þátttakendum voru sýndar myndir af hlutum, bæði raunverulegum og tilbúnum (ímynduðum), sagt hvað þeir hétu og leitað eftir fleirtölunni eins og hér er sýnt:

- (20) a. Hér er einn bolti  Hér eru tveir  _____
- b. Hér er ein darga  Hér eru tvær  _____

Þeir sem alast upp við íslensku á Íslandi vita ekki bara að fleirtalan af (*einn*) *bolti* er *boltar* (*Hér eru tveir boltar*) heldur finna þeir líka að fleirtalan af (*ein*) *darga* hlýtur að vera (*tvær*) *dörgur* (*Hér eru tvær dörgur*) þótt þeir hafi aldrei heyrt orðið. Það er skemmst frá því að segja að vesturíslesku málnotendurnir þekktu flestir fleirtölumyndir algengra orða, bæði reglulegra (*bolti* – *boltar*, *sápa* – *sápur* ...) og óreglulegra (*bók* – *bækur*, *mús* – *mýs*) en margir þeirra áttu í erfiðleikum með að mynda fleirtölu af orðum sem þeir þekktu ekki, jafnvel þótt augljóst væri hvernig hún hlyti að vera (*einn neli* – *tveir nelar*, *ein kíma* – *tvær kímur*, *ein darga* – *tvær dörgur* ...). Þetta er ólíkt því sem á við um þá sem hafa alist upp við íslensku á Íslandi og nota hana að staðaldri. Slíkir einstaklingar hafa þessa fleirtölumyndun á tilfinningunni og öðlast þá tilfinningu býsna snemma og glata henni ekki þótt þeir eldist. Þetta hefur annars vegar komið fram í rannsóknum á íslensku barnamáli (sjá umræðu hjá Áslaugu Marinósdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur 1980, Áslaugu Marinósdóttur 1983, Indriða Gíslasyni o.fl. 1986) og hins vegar þegar sama próf var til samanburðar lagt fyrir íslenska málnotendur sem voru á svipuðum aldri og vesturíslesku þátttakendurnir í MMMS-rannsókninni.¹⁵ Dæmi um niðurstöður úr þeim samanburði má sjá í *töflu 5* (sbr. Höskuld Þráinsson 2016; Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuld Þráinsson 2016):

14 Sigríður Magnúsdóttir og Höskuldur Þráinsson hönnuðu upphaflegu íslensku gerðina af þessu prófi og Kjartan Arnórsson teiknaði myndirnar sem fylgdu bullorðunum. Prófið hefur síðar verið notað í ýmsum útgáfum og það var lagað dálítið til fyrir notkunina í Vesturheimi.

15 Vestur-Íslendingarnir sem tóku þátt í þessum hluta könnunarinnar voru alls 15 og meðalaldur þeirra var 72 ár. Alls tóku 30 eldri Heima-Íslendingar þátt í sams konar könnun og meðalaldur þeirra var 77 ár.

Tafla 5: Meðalskor Vestur-Íslendinga og aldraðra Heima-Íslendinga á hluta fleirtöluprófs

Orð og kyn	Fleirtalan sem vænst var	Hlutfall þeirra svara sem vænst var	
		Vestur-Íslendingar	Aldraðir Heima-Íslendingar
(einn) <i>neli</i> (kk.)	<i>nelar</i>	60%	93%
(ein) <i>kíma</i> (kvk.)	<i>kímur</i>	53%	100%
(eitt) <i>lún</i> (hk.)	<i>lún</i>	47%	100%
(ein) <i>kraða</i> (kvk.)	<i>kröður</i>	20%	100%
(ein) <i>darga</i> (kvk.)	<i>dörgur</i>	13%	100%
(eitt) <i>kas</i> (hk.)	<i>kös</i>	0%	97%

Eins og sjá má af töflunni áttu Vestur-Íslendingarnir erfiðast með hljóðverptar fleirtölumyndir (*kröður*, *dörgur*, *kös*) en ýmsar einfaldari myndir gátu líka vafist fyrir þeim. Þetta er m.a. athyglisvert í ljósi þess að Vestur-Íslendingar áttu á sínum tíma auðvitað ekki í neinum erfiðleikum með að mynda hefðbundna íslenska fleirtölu af þeim tökuorðum sem þeir löguðu að íslensku málkerfi (sjá dæmin í (17)). Þess vegna væri vert að reyna að kanna betur að hvaða marki þessar niðurstöður endurspeglar raunverulega málkunnáttu Vestur-Íslendinga nú á tímum eða hvort þær eru að einhverju leyti til vitnis um óöryggi við tiltekna prófaðstæður.¹⁶

Loks má nefna að einn þáttur í MMMS-verkefninu var að skoða notkun hjálparsagna og einfaldra tíða (nú tíðar, þá tíðar). Niðurstöður úr þeirri könnun gætu gefið vísbendingar um það hversu öruggir vesturíslensku málnotendurnir eru í sagnbeygingu eins og lýst er í grein Kristínar M. Jóhannsdóttur (2018) í þessari bók.

5. FRAMBURÐUR

Þótt snemma hafi verið farið að gera athugasemdir í vesturíslenskum blöðum við málnotkun Vestur-Íslendinga fjalla þær yfirleitt ekkert um framburð á íslenskum orðum. Eitt af því sem er þó fróðlegt fyrir málfræðinga er það að hvaða marki framburðurinn dregur dóm af uppruna þeirra á Íslandi og hvernig staðbundnum framburðaratriðum frá Íslandi hefur reitt af vestra. Fyrstur til að gera skipulega athugun á því var bandaríski málfræðingurinn Stephen Clausing. Í því skyni birti hann (1982a) spurningalista í *Lögbergi-Heimskringlu* þar sem hann var m.a. að leita eftir upplýsingum um eftirtalin framburðareinkenni í íslensku:

16 Við þökkum ritrýni fyrir athugasemdir um þetta atriði. Nánari greining á þessum vesturíslensku niðurstöðum verður væntanlega birt á næstunni.

- (21) a. Vestfirskur einhljóðaframburður, sbr. *langur* með *a*-framburði en ekki á-framburði, *löng* með *ö*-framburði en ekki *au*-framburði.
- b. Norðlenskt harðmæli, þ.e. svokölluð fráblásin lokhljóð í orðum eins og *api*, *ata*, *aka* en ekki ófráblásin eins og lokhljóðin í *bali*, *dalur*, *gala*, *sóði* o.s.frv.
- c. Norðlenskur raddaður framburður á *l*, *m*, *n* á undan *p*, *t*, *k*, sbr. t.d. orð eins og *úlpa* þar sem *l* hljómar líkt og í *Óli* en ekki eins og *blí* *blæja*; *vanta* þar sem *n* hljómar líkt og í *vanur* en ekki eins og *bn* í *bnífur*. Raddaður framburður á *ð* á undan *k* kemur nokkru víðar fyrir á Íslandi og þá hljómar *ð* í *maðkur* svipað og *ð* í *vaða* en ekki eins og *þ* í *það* eins og það gerir í máli flestra Íslendinga.
- d. Austurskaftfellskur *rn-/rl*-framburður, sbr. orð eins og *Árni* og *Sturla* borin fram án þess að nokkurt *d* komi þar inn í á milli *r* og *n* annars vegar og *r* og *l* hins vegar, en það gerist hins vegar í máli flestra Íslendinga.
- e. Flámæli þar sem ekki er gerður skýr greinarmunur á sérhljóðunum *i* og *e* í framburði orða eins og *viður* og *veður* og ekki heldur á sérhljóðunum *u* og *ö* í orðmyndum eins og *flug* og *flögu*, en flestir Íslendingar gera þennan greinarmun.
- f. *kv*-framburður þar sem gerður er greinarmunur á upphafshljóðum orðanna *hver* og *kver* til dæmis, en það er aftur á móti ekki gert í svonefndum *kv*-framburði sem flestir Íslendingar hafa nú orðið og bera þá orð eins og *hver* og *kver* fram á sama hátt til dæmis.
- g. Skaftfellskur einhljóðaframburður þar sem sama stofnsérhljóð (einhljóð) er í orðmyndunum *dagur* og *daginn*, *lög* og *lögin*, *loga* og *logi* o.s.frv. Svo er hins vegar ekki í máli flestra Íslendinga heldur rímar *daginn* við *bæinn*, *lögin* við *taugin* o.s.frv.

Bráðabirgðaniðurstöður úr þessari rannsókn birti Clausing svo í sama blaði (1982b) og síðar í fræðilegri grein (1984). Í greininni reynir hann m.a. að spá fyrir um framburð einstaklinganna út frá því hvaðan foreldrar þeirra, afar og ömmur voru upprunnin.

Eins og nærri má geta getur verið býsna erfitt að spyrja fólk út í eigin framburð eða láta það gera grein fyrir honum með því að velja á milli kosta. Hér eru þrjár af spurningum Clausings (1982a, 5):

- (22) a. Does the *ö* in *löng* rhyme with the *au* in *haust* or with the *ö* in *kölski*?
- b. Does the *ö* of *lögin* rhyme with the *au* of *haust* or with the *ö* of *höfuð*?

- c. Does the **ð** of **maðkur** rhyme with the **th** of English **either** or with **th** of English **ethical**?
- d. Does the **hv** of **hvað** rhyme approximately with the **h** of **hús** or does it rhyme better with the **k** of **kunnur**?
- e. Do you say a **d** before the **n** in **barn** “child” as if it were written **bardn** [...] or do you say it with a **d** but not **r** as if it were written **badn** [...] or do you say it with no **d** like the English word **barn** [the place where animals are kept]?

Hér er vísað til framburðar íslenskra eða enskra orða til samanburðar og spurningarnar virðast nokkuð skiljanlegar þótt sú síðasta sé reyndar nokkuð flókin. Að vísu er ekki víst að málnotendur skilji vel hvað átt er við þegar spurt er hvort upphafshljóðið í *hvað* „rhymes“ við eitthvert annað upphafshljóð (þótt *rhyme* á ensku hafi nokkru víðari merkingu en sögnin að *ríma* hefur oftast í íslensku), auk þess sem þeir sem hafa *hv*-framburð gætu átt erfitt með að samasama upphafshljóðið í *hvað* upphafshljóðinu í *hús*. En það er þó greinilega ekki eins og upphafshljóðið í *kunnur* nema menn hafi *kv*-framburð.

Það getur hins vegar orðið snúið að búa til spurningar sem eru líklegar til að skila tilætluðum árangri í ýmsum öðrum tilvikum eins og sjá má af eftirfarandi dæmum:

- (23) a. Does the **p** in **tapa** rhyme with the **pp** in **teppi** or with **bb** in **labba**?
- b. Does the **l** of **stelpa** rhyme with the **l** of **ljós** or with the **l** of **hlakka**?
- c. Does the **i** of **viður** rhyme with the **e** of **veður** or with the **é** of **hér** or with the **i** of the English name **Tim**?

Það orkar mjög tvímælis að segja að *p* í *tapa* „rhymes“ annaðhvort við *pp* í *teppi* eða *bb* í *labba*. Í öðru lagi er alveg óvíst að viðkomandi málnotendur beri orð eins og *blakka* fram með örödduðu *l* í upphafi því að orð sem eru stafsett með *bl-*, *br-*, *bn-* eins og *blakka*, *bræddi*, *bnota* eru oft einfaldlega borin fram með rödduðu *l-*, *r-*, *n-* í upphafi í vesturíslenku, þ.e. eins og *lakka*, *ræddi* og *nota* (Birna Arnbjörnsdóttir 2006, 107). Þegar svo er missir spurning (23b) marks. Loks er ekki víst að flámælt fólk greini skýrt á milli sérhljóðanna í *viður*, *veður* og *hér* (með tilvísun í *hér* var Clausing að leita eftir þeim framburði sem Björn Guðfinnsson kallaði „hvarflandi tvíhljóð“, sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1981, 35). Auk þess er stutta sérhljóðið í *Tim* kannski ekki alveg sambærilegt við langa sérhljóðið í *viður* í framburði þeirra sem ekki hafa flámælisframburð. Þess vegna er óvíst að spurning (23c) hafi skilað tilætluðum árangri.

Clausing var líka ljóst að þessi spurnaraðferð væri trúlega talsvert ótrygg

og þess vegna lét hann aðstoðarmann sinn¹⁷ hringja í 12 af þeim 29 einstaklingum sem höfðu svarað spurningalistanum í *Lögbergi-Heimskringlu* og biðja þá að þýða nokkrar einfaldar enskar setningar yfir á íslensku. Dæmi um þessar setningar eru sýnd í (24) (sjá Clausing 1984, 81). Þar á íslenska setningin að vera dæmi um þýðingu af því tagi sem Clausing var að vonast eftir og feitletur er notað til að vekja athygli á þeim hljóðasamböndum sem skiptu máli. Innan sviga er nefnt það framburðartilbrigði sem hann var að leita eftir, sbr. umræðu í kringum (22) og (23) hér framar:

- (24) a. It's a long story. – Það er löng saga. (vestf. einhlj.framb.)
 b. The bird ate two worms. – Fuglinn át tvo maðka. (raddaður framb.)
 c. I met a girl today. – Ég hitti stúlku í dag. (raddaður framb.)
 d. Who is this man? – Hver er þessi maður? (bv-framburður)
 e. He was guilty. – Hann var sekur. (harðmæli)
 f. The ship came from Reykjavík. – Skipið kom frá Reykjavík. (flámæli)
 g. That's a little child. – Það er lítið barn. (rn-/rl-framburður)

Þegar Clausing var að safna efni fyrir doktorsritgerð sína (1981) hafði hann rætt við sjö af þeim 29 einstaklingum sem svöruðu skriflegu könnuninni. Hann hafði því tvenns konar gögn frá 19 einstaklingum alls, þ.e. skriflegu svörin plús upptökur úr símaviðtali eða eldra viðtali. Hann byggir síðan lýsingu sína á efninu frá þessum 19 og hljóðfræðilegu úrvinnsluna úr upptökunum annaðist hann sjálfur í samvinnu við aðstoðarmann sinn.

Samanburðurinn á skriflegu svörum og upptökunum sýndi, að mati Clausings, að skriflegu svörin voru misjafnlega áreiðanleg eftir því um hvaða framburðaratriði var að ræða, þ.e. skriflegu svörum bar misvel saman við framburðinn í upptökunum (Clausing 1984, 82). Samsvörunin var best þegar bv-framburður og rn-/rl-framburður áttu í hlut (yfir 90%) og líka góð þegar um var að ræða skaftfellskan og vestfirskan einhljóðaframburð (75–84%). Hún var aftur á móti slök þegar norðlensku einkennin komu fram (harðmæli og raddaður framburður) og sömuleiðis flámæli. Clausing skýrir þetta annars vegar með því að erfiðara sé fyrir þátttakendur að greina norðlensku framburðareinkennin í eigin framburði en ýmislegt annað og hins vegar með því að lítið sé niður á flámæli og þess vegna hafi þátttakendur í skriflegu könnuninni yfirleitt ekki viljað viðurkenna að þeir væru flámæltir þótt þeir væru það kannski. Þessar skýringar orka þó tvímælis. Að vísu er líklegt að fólk eigi erfitt með að greina hvort það sé sjálft harðmælt eða ekki eða hafi raddaðan eða óraddaðan framburð. Þó verður að telja líklegt að sá galli á sumum spurningunum um harðmæli og raddaðan framburð sem ræddur er í tengslum við (23a,b) hér framar hafi líka sett strik í reikninginn. Spurningin

17 Aðstoðarmaðurinn hét Jóhanna Bogadóttir og hún var þá við málvísindanám í Bandaríkjunum eftir því sem Clausing segir.

um flámæli var líka gölluð (sjá umræðu um (23c)) og það er kannski líklegra að sá galli hafi valdið ruglingi en að þátttakendur hafi ekki viljað viðurkenna eigið flámæli af því að þeir hafi vitað að það þætti ófint. Ekkert bendir til þess að litið hafi verið sérstaklega niður á flámæli vestra á þessum tíma (sjá t.d. Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 147 o.áfr.; Gísli Sigurðsson 2001; sbr. líka Birnu Arnbjörnsdóttur 1987).

Þótt sumt í aðferðum Clausings orki tvímælis eru þessar rannsóknir hans forvitnilegar. Í lok greinar sinnar (1984, 84–86) dregur hann saman yfirlit yfir tíðni þeirra framburðareinkenna sem hann var að skoða. Einfaldaða gerð af þessu yfirliti má sjá í (25):

- (25) a. **Harðmæli** var algengara en linmæli og kom jafnvel fyrir hjá þeim sem áttu ekki ættir að rekja til Norðurlands. Clausing telur að þetta geti að hluta til stafað af enskum áhrifum þar sem fráblásin órödduð lokhljóð harðmælisins eigi sér frekar samsvörun en hin ófráblásnu órödduðu lokhljóð linmælisins (/b,d,g/ eru yfirleitt rödduð í ensku).
- b. **Raddað /l/** (á undan /p/ eða /k/) kom fyrir hjá sumum þeirra sem voru harðmæltir en ekki öllum. **Raddað /ð/** (á undan /k/) kom líka fyrir en sjaldnar.
- c. **Vestfirskur einhljóðaframburður** kom ekki fyrir þótt sumir af þátttakendunum ættu ættir að rekja til Vestfjarða.
- d. **lv-framburður** kom ekki fyrir þótt sumir af þátttakendunum ættu rætur að rekja til Suðurlands.
- e. **rn/rl-framburður** kom fyrir hjá einum þátttakanda. Ekki ljóst um tengsl við viðkomandi svæði á Íslandi (Austur-Skaftafellssýslu).
- f. **Skaftfellskur einhljóðaframburður** kom fyrir hjá tveim þátttakendum. Ekki skýr tengsl við viðkomandi svæði á Íslandi (Skaftafellssýslur).
- g. **Flámæli** kom fyrir hjá ríflega helmingi þátttakenda (10 af 19) og tvíhljóðsframburðurinn („hvarflandi tvíhljóð“) var algengari. Allir nema einn áttu einhver ættartengsl við flámælissvæðið á Íslandi. Clausing telur að þetta sýni að flámæli sé „prevalent feature in American-Icelandic“ (1984, 85).¹⁸

Eins og Clausing segir sjálfur var þessi könnun hans mjög takmörkuð á ýmsan hátt (fá dæmi, tiltölulega fáir þátttakendur o.s.frv.) en hún gefur þó ákveðnar vísbendingar sem hægt er að bera saman við niðurstöður síðari rannsókna.

18 Eins og ritrýnir bendir á eru ýmis staðbundin tilbrigði í hljóðgildi sérhljóða í norðuramerískri ensku, m.a. /i/ og /e/. Slíkt gæti auðvitað haft áhrif á vesturíslensk sérhljóð á tilteknum svæðum en það hefur ekki verið rannsakað sérstaklega.

Skömmu eftir að Clausíng gerði sínar athuganir á vesturíslenku hóf Birna Arnbjörnsdóttir að safna efni fyrir doktorsritgerð sína (1990). Í bók sinni um vesturíslenku birtir hún yfirlit yfir helstu framburðareinkenni sem hún fann í þessari rannsókn, en þar kemur eftirfarandi fram m.a. (sbr. Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 106 o.áfr.):

- (26) a. Þar sem ritað er *hl-*, *hn-*, *hr-* og *hv-* í framstöðu orða kemur oft bara raddað *l-*, *n-*, *r-*, *v-* í vesturísenskum framburði.
- b. Sérhljóðið *ö* afkringist stundum og kemur þá fram sem *e* þannig að *vökva* líkist *vekva* t.d.
- c. Uppgömmæla öngljóðið í orðum eins og *sög* og *flugur* fellur stundum brott.

Þetta er áhugavert, ekki síst sú staðreynd að *hv-* í framstöðu skuli í máli sumra þróast eins og *hl-*, *hn-* og *hr-*. Það væri t.d. forvitnilegt að vita hvort þeir sem bera orð eins og *hvalur* og *hvolpur* fram með *v-* í upphafi hafa einhver tengsl við svæði *hv-* framburðar á Íslandi. Eins og fram kom hér framar fann Clausíng engin dæmi um *hv-*framburð vestra, en kannski hefur hann ekki haft eyrun opin fyrir *v-*framburðinum.

Í rannsóknnum sínum á vesturísenskum framburði lagði Birna annars mesta áherslu á að kanna stöðu flámælisins og í bók sinni um vesturíslenku (2006) gerir hún ítarlega grein fyrir flámælinu (sjá líka Birnu Arnbjörnsdóttur 1987). Hún hafði tekið viðtöl við rúmlega 50 þátttakendur í Manitoba og Saskatchewan í Kanada og Norður-Dakota í Bandaríkjunum, oftast hópviðtöl. Efni viðtalanna var ávallt hið sama og tilgangurinn að fá málhafa til að gleyma því að verið væri að taka samtölin upp. Málhafar voru því beðnir að tala um flutning og fyrstu ár forfeðra sinna í Vesturheimi. Með því fengust viðtöl sem voru að mörgu leyti innbyrðis áþekk og það auðveldaði allan samanburð. Eftir spjallið voru málhafar beðnir að nefna heiti hluta á myndum, lesa texta og lista og var þá m.a. stuðst við efni sem áður hafði verið notað á Íslandi (sjá t.d. Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1992), ekki síst til að auðvelda samanburð við tilbrigði í íslensku hér á landi.

Til þess að gera nákvæman tölfræðisamanburð á gögnunum, t.d. eftir aldri, kyni og búsetu þátttakenda, valdi Birna 38 af viðmælendum sínum og þeir voru allir frá Manitoba (Nýja Íslandi) og Norður-Dakóta (Mountain). Meðal þess sem fram kom í rannsókninni á framburði þeirra má nefna þetta (Birna Arnbjörnsdóttir 2006, 135 o.áfr.):

- (27) a. Flámæli var mun algengara í löngu afbrigðunum af *i*, *e*, *u*, *ö* (*viður*, *fluga*, *veður*, *sög*) en þeim stuttu (*víst*, *flugl*, *vestur*, *sögn*), rétt eins og á Íslandi (bls. 135).

- b. Flámæli var mun algengara á *i* og *u* (*viður*, *fluga*) en á *e* og *ö* (*veður*, *sög*, sbr. bls. 138–140).
- c. Flámæli var heldur algengara í Norður-Dakóta en í Manitoba (bls. 136–137, 145).
- d. Flámæli var algengara hjá þeim málnotendum sem voru yngri en 50 ára en hjá þeim sem eldri voru (bls. 136–137, 146).
- e. Flámæli var heldur algengara hjá konum en körlum (bls. 136–137, 147).

Birna ræðir hugsanlegar ástæður fyrir þeim atriðum sem hér eru talin. Hún bendir t.d. á að munurinn á tíðni flámælis í Norður-Dakóta og Manitoba gæti stafað af meiri tengslum íbúa Manitoba við Ísland, þar sem flámæli var að mestu úr sögunni á þessum tíma. Sumt af niðurstöðum Birnu um flámælið samsvarar annars því sem áður hafði fundist í rannsóknum á flámæli á Íslandi, eins og hún bendir á. Þó kemur á óvart að yngri þátttakendurnir skyldu vera með meira flámæli en þeir eldri og það bendir til þess að flámæli hafi ekki verið á undanhaldi vestra á þeim tíma sem rannsóknin var gerð.

Nicole Dehé, prófessor við Háskólann í Konstanz í Þýskalandi, tók þátt í efnissöfnun MMMS-verkefnisins í Manitoba hausið 2014. Markmið hennar var einkum að safna upplýsingum um áherslur og tónfall (e. *intonation*) í vesturíslenku. Í því skyni lagði hún sérstakt próf fyrir 16 Vestur-Íslendinga og 84 Heima-Íslendinga. Auk þess var sams konar próf lagt fyrir á ensku fyrir 4 enskumælandi íbúa í Manitoba til samanburðar (þeir voru ekki af íslenskum ættum og sögðust ekki kunna neina íslensku) en að öðru leyti var samanburðurinn við kanadíska ensku byggður á fyrirbyggjandi rannsóknum á því máli. Dehé hefur nú nýtt þennan efnivið til að rannsaka tónfall í *já-/nei*-spurningum (e. *polar questions*) í vesturíslenku og bera það saman við tónfall í sams konar spurningum í heimaíslensku og í þeirri ensku sem töluð er í Manitoba (Dehé 2018). Niðurstaðan er í sem stystu máli þessi (sjá einkum bls. 246 o.áfr.):

- Tónfallið í þessari setningagerð í vesturíslenku er að verulegu leyti svipað og tónfallið í sömu setningagerð í heimaíslensku.
- Þó má finna nokkur merki um áhrif frá kanadískri ensku á tónfallið.¹⁹
- Tónfall þeirra enskumælandi Kanadabúa sem voru prófaðir var eins og búast mátti við samkvæmt fyrri rannsóknum á því máli.

19 Dehé rekur á fræðilegan hátt hvaða íslensk einkenni koma fram í tónfalli Vestur-Íslendinganna í þessum setningum og hvaða einkenni eiga rætur sínar að rekja til kanadískrar ensku. Til að lýsa því í smáatriðum þarf að nota fleiri fræðileg hugtök en myndi henta hér á þessum vettvangi.

- Í þeim tilvikum þegar málskipti (e. *code switching*) komu fram hjá vesturíslensku þátttakendunum og þeir brugðu fyrir sig enskum *já-/nei*-spurningum mátti greina tiltekin áhrif frá íslensku í tónfallinu. Slík einkenni komu ekki fram í máli þeirra Kanadabúa sem voru prófaðir á ensku og höfðu ekki íslenskan bakgrunn.

Dehé telur þessar niðurstöður m.a. athyglisverðar vegna þess að þær sýna að ákveðin íslensk einkenni hafa varðveist í tónfalli vesturíslensku þrátt fyrir lítið samband vesturíslensku og heimaíslensku um langa hríð (2018, 246). Í öðru lagi staðfesta niðurstöður hennar að nokkru leyti það sem víða hefur komið fram í rannsóknum að erfðarmál einstaklinga getur haft tiltekin áhrif á ríkjandi málið (í þessu tilviki íslenskt einkenni tónfalls í þeirri ensku sem vesturíslensku þátttakendurnir tala).

Framburður var annars eitt af því sem var rannsakað nokkuð ítarlega í MMMS-verkefninu og þar voru að verulegu leyti notaðar sömu aðferðir og í RÍN-verkefninu svokallaða sem Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson stýrðu (sjá t.d. grein Höskuldar og Kristjáns 1992). Rannsóknarmenn sem unnu við úrvinnslu úr þessum gögnum gerðu grein fyrir fyrstu niðurstöðum í ráðstefnufyrirlestri (Gísli Valgeirsson o.fl. 2013). Á þeim tíma hafði aðeins verið safnað efni í Manitoba. Ítarlegri umfjöllun er að finna í meistaraþrófsritgerð Katrínar Maríu Víðisdóttur (2016). Þar ber hún saman þróun fjögurra norðlenskra framburðareinkenna í Vesturheimi og á Íslandi, þ.e. *harðmælis* (*api, ata, aka*), *raddaðs framburðar* (*stúlka, hempa, fantur*), *ngl-framburðar* (*kringla* með greinilegu *g*-hljóði á undan *l*-inu) og *bð/gð-framburðar* (*hafði, sagði* með greinilegu *b*- og *g*-hljóði á undan *ð*-inu). 89 einstaklingar höfðu þá tekið einhvern þátt í framburðarhlutanum í MMMS-verkefninu. 75 þeirra nefndu myndir og 34 lásu texta (Katrín María 2016, 57). Helstu niðurstöður Katrínar um tíðni norðlensku framburðareinkennanna vestra á þessum tíma (2013–2014) eru á þessa leið:

- (28) a. **Harðmæli** var býsna algengt vestra, jafnvel alveg hreint þótt blandaður framburður (*harðmæli* og *linmæli*) væri líka algengur (bls. 58).
- b. **Raddaður framburður** er sjaldgæfur vestra og hann kom alls ekki fyrir hjá sumum þátttakendum (bls. 63–64).
- c. **ngl-framburður** er býsna algengur vestra, hlutfallslega algengari en á Íslandi í dag (bls. 69).
- d. **bð-/gð-framburður** er mjög sjaldgæfur vestra, eins og á Íslandi (bls. 75).

Fyrri rannsakendur höfðu nefnt að *harðmæli* væri nokkuð algengt meðal Vestur-Íslendinga (sjá t.d. Gísli Sigurðsson 2001) en tíðni óraddaða fram-

burðarins kemur á óvart, ekki síst vegna þess að órödduð *l*, *m*, *n* eru ekki til í ensku. Þá kemur á óvart að *ngl*-framburðurinn skuli hafa haldist vestra. Nánari umræðu um þessi norðlensku framburðareinkenni vestra má finna í ritgerð Katrínar Maríu (2016). Aðrar niðurstöður úr framburðarkönnun MMMS verða væntanlega reifaðar fljótlega á öðrum vettvangi og þá kemur ef til vill betur í ljós hvort framburður vesturíslenzku almennt líkist því hvernig íslenska er eða hefur verið borin fram á einhverju tilteknu svæði á Íslandi (t.d. á norðausturhluta landsins, þar sem flestir útflytjendurnir áttu rætur) eða hvort hægt er að færa rök að því að myndast hafi sérstök framburðarmállýska vestra.

6. SETNINGAGERÐ

Stundum er vikið lauslega að setningafræðilegum atriðum í skrifum um vesturíslenzku. Í því sem hér fer á eftir er sagt frá slíkum ábendingum og síðan frá frekari athugunum í MMMS-verkefninu, en í því var lögð talsverð áhersla á að skoða setningagerð vesturíslenzku. Hér verður þó eins og áður einkum vikið að þeim niðurstöðum sem hafa þegar verið reifaðar á öðrum vettvangi en um leið bent á aðrar greinar í þessari bók þar sem fjallað er um vesturíslenzka setningagerð.

6.1 Orðaröð

Staða sagnar lýtur ekki alltaf sömu reglum í vesturíslenzku og heimaíslensku. Þannig nefnir Haraldur Bessason dæmi (29a) og (1967, 143) Clausing bætir dæmi (29b) við (1986, 154, hefðbundin íslensk orðaröð sýnd innan sviganna):

- (29) a. Í kvöld **hann fer** heim. (Í kvöld **fer hann** ...)
b. Við **alltaf notum** vacuumið. (Við **notum alltaf** ...)

Dæmin í (29) eru að vísu ekki alveg sama eðlis: Í *a*-dæminu myndi sögnin *fer* fara á undan frumlaginu *hann* í heimaíslensku af því að annar liður en frumlagið *hann* kemur fremst (forsetningarliðurinn í *kvöld*). Slíkt er almenna reglan í heimaíslensku, ólíkt ensku (sbr. *Tonight he goes home* ...). Í *b*-dæminu myndi sögnin *notum* fara á undan atviksorðinu *alltaf* í heimaíslensku af því að það er hin venjulega afstaða sagnar og atviksorðs af þessu tagi, ólíkt ensku (sbr. *We always use* ...).²⁰ Í báðum þessum tilvikum er því líklegt að

20 Sum atviksorð geta komið á milli frumlags og sagnar í heimaíslensku, til dæmis *bara*, *kannski* o.fl.: Ég *bara veit það ekki*, Þú *kannski skoðar þetta* o.s.frv. Auk þessa má finna dæmi um „sögn í þriðja sæti“ (atviksorð á milli frumlags og sagnar) í ákveðnum gerðum aukasetninga í heimaíslensku, t.d. í tilvísunarsetningum og tíðarsetningum: Það sem hann *ekki vissi var* að ..., Þegar við *loksins komumst heim*. Tilvikum af þessu tagi var haldið utan við þær

enska orðaröðin hafi haft áhrif á vesturíslenskuna (sjá líka umræðu og dæmi hjá Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 109–110).

Pegar MMMS-verkefnið var nýfarið af stað skoðaði Elma Óladóttir stöðu sagnar í vesturíslensku. Hún notaði þá einkum efni sem hafði verið safnað í Manitoba 2013 og gerir grein fyrir niðurstöðunum í MA-ritgerð sinni (2013). Þar byggir hún bæði á sérstökum prófum sem voru lögð fyrir þátttakendur í verkefninu og einnig á dæmum sem fundust í sjálfsprottnu tali í viðtölum við þá og í frásögnum þeirra. Þegar þátttakendur voru t.d. beðnir að velja á milli þeirra kosta sem sýndir eru í *töflu 6* voru niðurstöðurnar eins og prósentutölurnar sýna (Elma Óladóttir 2013, 51):

Tafla 6: Val á milli kosta í orðaröð

Valkostir	Fjöldi sem valdi	Hlutfall
a. Kristín stundum talar íslensku.	7	26,9%
b. Kristín talar stundum íslensku.	12	46,2%
c. Kristín talar íslensku stundum .	6	23,1%
d. Allir kostir.	1	3,8%
Alls:	26	100%

Hér er *b*-kosturinn greinilega sá sem væri eðlilegastur í heimaíslensku þótt *c*-gerðin kæmi líka til greina. Hins vegar er *a*-gerðin greinilega undir áhrifum frá ensku (*Kristin sometimes speaks ...*) en í ensku myndi *b*-gerðin ekki ganga (**Kristin speaks sometimes ...*). Hér sést því að þótt flestir velji þá leið sem er í samræmi við heimaíslensku í setningum af þessu tagi velur ríflega fjórðungur þátttakenda þá orðaröð sem er í samræmi við það sem tíðkast í ensku en ekki heimaíslensku.

Ensk áhrif komu líka fram í vali á milli kosta í setningum eins og þeirri sem sýnd er í *töflu 7* (Elma Óladóttir 2013, 74):

Tafla 7: Val á milli kosta í orðaröð

Valkostir	Fjöldi sem valdi	Hlutfall
a. Á morgun við sjáum leikritið.	4	19,0%
b. Á morgun sjáum við leikritið.	16	76,2%
c. Báðir kostir.	1	4,8%
Samtals:	21	100%

rannsóknir sem hér er sagt frá, en umræðu um þau má víða finna (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1986; Ásgrím Angantýsson 2001 og grein Birnu Arnbjörnsdóttur o.fl. 2018).

Í heimaíslensku gildir almennt sú regla að standi einhver annar liður en frumlagið fremst í setningu (hér er það forsetningarliðurinn *á morgun*) þarf persónubeygða sögnin að koma strax á eftir honum. Þannig er það ekki í ensku. Samkvæmt þessu er *b*-gerðin eðlilegt mál í heimaíslensku en í ensku væri orðaröðin frekar eins og í *a*-gerðinni og sögnin kæmi þar í þriðja sæti (*Tomorrow we see ...*). Eins og *tafla 7* sýnir völdu flestir vesturíslenSKU þátttakendurnir heimaíslensku gerðina þótt nokkrir tækju þá ensku fram yfir. Niðurstöðurnar úr könnuninni fengu svo stuðning af dæmum úr viðtölunum en þar mátti alloft finna orðaröð sem virtist vera undir enskum áhrifum. Tvö dæmi eru sýnd í (30) (Elma Óladóttir 2013, 52):

- (30) a. Hún **aldrei** sá moskító. (sbr. *She never saw ...*)
 b. Nú hundurinn **dettur** niður. (sbr. *Now the dog falls ...*)

Í síðari efnissöfnunarferðum í MMMS-verkefninu var staða sagnar rannsökuð nokkru ítarlegar og niðurstöður úr þeirri rannsókn eru raktar í grein eftir Birnu Arnbjörnsdóttur, Höskuld Þráinsson og Irisi Eddu Nowenstein (2018).²¹ Þar fæst nokkru skýrari mynd af þessu fyrirbæri í vesturíslenSKU, einkum vegna þess að fleiri dæmi eru skoðuð. M.a. kemur fram að frávik á borð við þau sem sýnd eru í (30a) (þ.e. frumlag – atviksorð – sögn) eru ekki eins algeng og frávik eins og (30b) (þ.e. X – frumlag – sögn, þar sem X er einhver annar liður en frumlag). Þetta kemur jafnvel fram í vali á milli sömu kosta og Elma skoðaði í sinni ritgerð eins og sjá má í *töflu 8* (sbr. grein Birnu, Höskuldar og Irisar 2018, *töflur 6* og *8*):

Tafla 8: Val á milli kosta í orðaröð

Valkostir	Fjöldi sem valdi	Hlutfall
a. Kristín stundum talar íslensku.	7	36,8%
b. Kristín talar stundum íslensku.	12	63,2%
c. Á morgun við sjáum það [= leikritið].	7	41,2%
d. Á morgun sjáum við það.	9	52,9%
Bæði c og d	1	5,9%

21 Í prófunum var aðeins miðað við aðalsetningar til einföldunar, enda gilda í aðalatriðum sömu reglur um stöðu sagnar í aðalsetningum og aukasetningum í íslensku og ensku, ólíkt norrænu meginlandsmálunum og þýsku til dæmis. Eins og Ásgrímur Angantýsson hefur rakið (t.d. 2001) má finna dæmi um að persónubeygð sögn fylgi ýmsum atviksorðum í aukasetningum, til dæmis tíðarsetningum og tilvísunarsetningum, ekki síst þegar frumlagið er forafn, sbr. þegar hann *loksins fann ...*, sem hann *aldrei hefur ...* o.s.frv. Dæmi af því tagi eru annars eðlis en þau sem hér eru á dagskrá. Við þökkum ritrýni fyrir að vekja athygli okkar á nauðsyn þess að láta koma skýrt fram við hvers konar setningar var miðað í þessum athugunum.

Í samanburðarkönnun voru dæmi eins og *c* og *d* borin undir dóm Íslendinga á Íslandi sem voru á svipuðum aldri og vesturíslensku þátttakendurnir (yfir sjötugt) og völdu þeir allir þá gerð þar sem sögnin kemur í öðru sæti (sbr. *d*-gerðina í *töflu 8*). Þetta er sýnt í *töflu 9* (sbr. grein Birnu, Höskuldar og Irisar 2018, *tafla 6*):

Tafla 9: Val á milli kosta í orðaröð

Upphafsliður	Valkostir	Vestur-Íslendingar	Eldri Íslendingar á Íslandi
Á morgun	sjáum við ...	41,2% (7)	100% (15)
	við sjáum ...	52,9% (9)	0%
Í gær	fór hann ...	64,3% (9)	100% (15)
	hann fór ...	28,6% (4)	0%
Núna	vill hann ...	68,8% (11)	100% (15)
	hann vill ...	18,8% (3)	0%
Í kvöld	fer hún ...	66,7% (10)	100% (15)
	hún fer ...	33,3% (5)	0%

Síðari kosturinn í *töflu 9* er alltaf í samræmi við þá orðaröð sem yrði valin í ensku (frumlagið á undan sögninni) og sumir af vesturíslensku þátttakendunum velja þann kost en engir af þeim sem tóku þátt í könnuninni á Íslandi.²² Þetta er ótvíræð vísbending um ensk áhrif á vesturíslenskuna.

Hér er líka vert að nefna eitt atriði sem tengist stöðu sagnarinnar: Eins og við höfum þegar séð dæmi um fer persónubeygð sögn í íslensku oftast á undan atviksorðum eins og *sjaldan*, *aldrei* og *ekki*. Þetta getur ýmist verið hjálparsögn eða aðalsögn svo sem sjá má af dæmunum í (31):

(31) a. Hún **hefur** aldrei notað tölvuna.

b. Hún **notar** aldrei tölvuna.

Í (31a) fer aðalsögnin *nota* á eftir atviksorðinu *aldrei* en í (31b) fer hún á undan því. Þessu er stundum lýst með því að segja að aðalsögnin geti „færst“ fram fyrir atviksorð af þessari gerð þegar engin hjálparsögn er í setningunni. En þegar aðalsögnin fer á undan atviksorðum af þessu tagi getur andlagið gert það líka, og ef það er áherslulaust fornafn verður það reyndar að gera það. Þessi „tilfærsla“ andlagsins er stundum kölluð **andlagsfærsla** eða **andlagsstökk** og dæmi um það eru sýnd í (32):

22 Sumir af vesturíslensku þátttakendunum völdu báða kosti og í einhverjum tilvikum slepptu þeir að velja á milli kostanna. Þess vegna er samanlagður fjöldi svara svolítið breytilegur þegar Vestur-Íslendingarnir eiga í hlut. Allir 15 þátttakendurnir á Íslandi völdu bara annan kostinn eins og sjá má og slepptu engum setningum úr.

- (32) a. Hún notar aldrei **tölvuna** / **tölvuna** aldrei.
 b. Hún notar *aldrei **hana** / **hana** aldrei.

Stjarnan fyrir framan röðina *aldrei hana* á að sýna að þetta sé ótækur kostur. Setningafræðingar lýsa þessu gjarna þannig að andlagsstökk sé skyldubundið ef andlagið er áherslulaust fornafn (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Práins-syni 2005, 289) en annars sé það valfrjálst í þessu samhengi.

Orðaraðartilbrigði af þessu tagi eru ekki til í ensku og því ekki að vænta mikilla beinna áhrifa frá enskri orðaröð á vesturíslenku í þessu tilviki. Það var ein af ástæðum þess að forvitnilegt þótti að huga aðeins að andlagsstökki í MMMS-verkefninu með því að láta þátttakendur velja á milli kosta í eftirfarandi setningum:

- (33) a. Þau höfðu bæði vatn og bjór með sér í fjallgönguna, en þau drukku **bjórinn ekki** / **ekki bjórinn**, bara vatnið.
 b. Við sáum brúðhjón fyrir utan kirkjuna en við þekktum **brúðina ekki** / **ekki brúðina**.
 c. Ingi keypti þessa tölvu í fyrra. Hann notar **hana aldrei** / **aldrei hana**.
 d. Lára á flottan bíl en hún keyrir **hann sjaldan** / **sjaldan hann**.

Í dæmum (33a,b) er andlagið nafnorð (*bjórinn*, *brúðina*) en í dæmum (33c,d) er það áherslulaust fornafn (*hana*, *hann*).²³ Miðað við heimaíslensku væri þess því að vænta að þátttakendur veldu ýmist að hafa andlagið á undan eða eftir atviksorðinu í dæmum (33a,b) eða teldu að báðir kostir kæmu þar til greina en andlagið verða að fara á undan atviksorðinu í dæmum (33c,d). *Tafla 10* sýnir niðurstöðurnar úr þessu prófi.

Tafla 10: Val á milli kosta um stöðu andlags og atviksorðs (andlagsstökk)

Númer	Samhengi	Andlag fært	Andlag kyrrt	Báðir kostir		
(33a)	... en þau drukku	bjórinn ekki	40,0% (6)	ekki bjórinn	53,3% (8)	6,7% (1)
(33b)	... en við þekktum	brúðina ekki	21,4% (3)	ekki brúðina	57,1% (8)	21,4% (3)
(33c)	Hann notar	hana aldrei	84,6% (11)	aldrei hana	7,7% (1)	7,7% (1)
(33d)	... en hún keyrir	hann sjaldan	85,7% (12)	sjaldan hann	7,1% (1)	7,1% (1)

23 Þátttakendur fengu að sjá þessar setningar á tölvuskjá og þær voru síðan lesnar upphátt fyrir þá áður en þeir þurftu að velja á milli þeirra kosta sem voru í boði á skjánum. Þá var ekki höfð nein áhersla á fornöfnunum. Um 15 þátttakendur fengu að sjá og heyra setningar (33a,c) og aðrir 15 setningar (33b,d).

Niðurstöðurnar benda eindregið til þess að vesturíslenskir málnotendur hafi tilfinningu fyrir þeim mun sem er á nafnorðum og áherslulausum fornöfnum í þessu samhengi: Meirihluti þátttakenda (um 53–57%) valdi að láta andlagið „óhreyft“ þegar það var nafnorð (*bjórinn*, *brúðina*) þótt allmargir veldu líka hinn kostinn (um 21–40%) og fáeinir merktu við báða kosti. En þegar andlagið var áherslulaust fornafn (*bana*, *bann*) valdi mikill meirihluti að hafa það á undan atviksorðinu (um 85%) þótt það væri ekki alveg undantekningarlaust val. Þessar niðurstöður eru því að verulegu leyti í samræmi við það sem búast mætti við í heimaíslensku nema þá helst sú vísbending að sumum Vestur-Íslendingum þyki koma til greina að láta áherslulaus fornöfn óhreyfð sem andlög í setningum af þessu tagi. En dæmin eru fá og í grein Jóhannesar Gísla Jónssonar (2018) í þessari bók er skoðað hvaða upplýsingar er að hafa úr viðtölum við Vestur-Íslendinga um andlagsstökk í máli þeirra.

6.2 Fallstjórn

Frávik í fallstjórn eru líka meðal þess sem stundum er nefnt í skrifum um vesturíslensku. Í því efni hefur frumlagsfall kannski vakið mesta athygli (sjá t.d. Gísli Sigurðsson 2001 og Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, 92–95). Birna nefnir t.d. eftirfarandi dæmi þar sem þágufall eða nefnifall kemur í stað þolfalls:

- (34) a. **mér** langar að tefla
b. hvort það væri nokkuð sérstakt sem **mér** vantaði
- (35) a. **mig** vantaði svo mikið að baka vínartertu
b. svo vantaði **henni** náttúrulega að vita
d. **hún** vantaði aldrei að gleyma að tala íslensku

Í fyrstu tveim dæmunum sést sams konar þágufallshneigð (eða þágufallssýki) með *langa* og *vanta* og er vel þekkt í heimaíslensku. Í (35) er sögnin *vanta* hins vegar notuð eins og enska sögnin *want* (merkingarvíkkun) og í *a*-dæminu tekur hún með sér þolfall. Dæmin í (35b,c) sýna hins vegar að hún getur líka komið fyrir með þágufalli og nefnifalli. Nefnifallshneigðin kemur einnig fram með öðrum sögnum, t.d. þessum (dæmin tekin úr bók Birnu á sama stað):

- (36) a. **þeir** voru illa við úlfana
b. **unga fólkið** þótti þetta erfitt

Ýmis tilbrigði koma líka fram í andlagsfalli (Birna Arnbjörnsdóttir 2006, 99–100):

- (37) a. sagði okkur, **ég** og **indjánann**
 b. sonurinn kynnti **henni** þessum manni

Svipað á við um fallstjórn forsetninga (Birna Arnbjörnsdóttir 2006, 100–102):

- (38) a. frá þremur til **fjórum** eða fimm **mílur**
 b. man nú ekki nafnið yfir **þessu**
 c. horfa á **þeir**

Eins og sjá má af þessum dæmum eru frávikin með ýmsu móti, en miðað við þá þróun sem hefur orðið í heimaíslensku og í færeysku þyrfti ekki að koma á óvart þótt eignarfall ætti kannski mest undir högg að sækja í þessu sambandi, enda fáar sagnir og forsetningar sem stýra eignarfalli.

Fallstjórn var líka eitt af því sem var tekið til athugunar í Tilbrigðaverkefninu svonefnda (sjá *Tilbrigðabók I, II og III*). Í tengslum við það verkefni skoðaði Salbjörg Óskarsdóttir (2008) svonefnd aukafallsfrumlög (frumlög ópersónulegra sagna) í viðtölum sem Hallfreður Örn Eiríksson og Olga Franzdóttir höfðu tekið vestra veturinn 1972–1973 (sjá *Sögur úr Vesturheimi* 2012) og Gísli Sigurðsson hafði tekið um það bil 10 árum síðar. Viðmælendur voru alls um 120 og leitað var eftir dæmum um fallnotkun með 46 sögnum. Þar af taka tvær nefnifall í hefðbundinni heimaíslensku (*blakka (til)* og *kvíða (fyrir)*), 18 þolfall og 26 þágufall (Salbjörg Óskarsdóttir 2008, 20).²⁴ Til samanburðar tók Salbjörg viðtöl við átta Íslendinga sem höfðu búið á Íslandi alla sína tíð og þau voru flest frá sjöunda áratug síðustu aldar (sbr. líka Salbjörgu Óskarsdóttur og Höskuld Práinsson 2017).

Algengustu dæmin um frávik frá hefðbundinni fallnotkun í vesturíslensku gögnunum sem Salbjörg skoðaði eru með sögnunum *dreyma*, *langa* og *vanta*. Með *dreyma* og *langa* er algengara en ekki að fallnotkunin sé frávik frá því hefðbundna en með *vanta* er hefðbundin notkun algengari en óhefðbundin (Salbjörg 2008, 23). Eins og vænta mátti kemur bæði fram nefnifallshneigð og þágufallshneigð í þessum vesturíslensku gögnum en nefnifallshneigð kemur oftar fyrir í heildina (Salbjörg 2008, 26). Hér eru nokkur dæmi um hvort tveggja (Salbjörg 2008, 25–26):

- (39) a. þegar **ég** er að dreyma (nefnifallshneigð)
 b. og **ég** finnst það

24 Þegar rætt er um „hefðbundna heimaíslensku“ eða „hefðbundna fallnotkun“ og fleira í þeim dúr í þessari grein og fleiri greinum í bókinni er átt við þá málnotkun sem stundum er kölluð staðalmál. Það er það mál sem yfirleitt er lýst í íslenskum kennslubókum og handbókum. Ýmis frávik frá því tíðkast auðvitað í heimaíslensku þótt ekki sé mælt með þeim í slíkum ritum og þau stundum alls ekki nefnd þar á nafn. Yfirlit yfir mörg frávik eða tilbrigði af því tagi má finna í *Tilbrigðabókum I, II og III*.

- (40) a. **Þeim** langaði nú ekkert í fisk. (þágufallshneigð)
 b. Það kom fyrir að **honum** dreymdi
 c. **Þeim** vantar

Fallstjórn var síðan könnuð skipulega í MMMS-verkefninu og þegar hefur verið unnið úr þeim gögnum að hluta til. Þannig gerði Iris Edda Nowenstein nokkurn samanburð á þágufallshneigð í vesturíslensku og máli barna og fullorðinna á Íslandi í MA-ritgerð (2014). Í rannsóknnum á þágufallshneigð í íslensku heimamáli hafði nefnilega margsinnis komið í ljós að þágufallshneigð var algengari þegar 3.p. frumlög áttu í hlut en þegar frumlagið var í fyrstu persónu (sjá t.d. Höskuld Práinsson, Þórhall Eypórsson, Ástu Svavarsdóttur og Þórunni Blöndal 2015 og rit sem þar er vísað til). Vegna þess að amast hefur verið við þágufallshneigð (þágufallssýki) í skólum var talið hugsanlegt að þessi persónuáhrif stöfuðu af því að börn væru leiðrétt þegar þau segja *mér langar* eða *mér vantar* og þess vegna væri fullorðið fólk líka ólíklegra til að samþykkja eða nota slík dæmi en t.d. *henni langar* eða *honum vantar*. Iris sýndi hins vegar fram á að sams konar persónuáhrif koma fram í þágufallshneigð í vesturíslensku og í heimaíslensku (2014, 21) þótt aldrei hafi verið amast við þágufallshneigð vestra.

Sigríður Mjöll Björnsdóttir kannaði líka fallstjórn og beygingarsamræmi í vesturíslensku í MA-ritgerð sinni (2014). Þá rannsókn byggði hún fyrst og fremst á bréfasafni vesturíslenskrar konu sem skrifaði systur sinni á Íslandi í um það bil 70 ár. Sigríður fjallar svo nánar um niðurstöðurnar í sinni grein (2018) í þessari bók. Þar kemur m.a. fram að fallstjórn forsetninga er nokkuð á reiki í gögnum hennar, en það er í samræmi við niðurstöður sem Nicole Dehé fékk (2016) með því að skoða gögn sem hún safnaði í ferð með MMMS-hópnum 2013.

6.3 Viðtengingarbáttur og fornöfn

Verkaskiptingin milli persónufornafna og afturbeygðra fornafna er eitt af því sem er með nokkuð öðru móti í ensku en íslensku. Þannig er svonefnd **langdræg afturbeyging** til dæmis eðlilegt mál í íslensku en ekki í ensku:

- (41) a. Hann heldur að þú elskir **sig**.
 b. *He thinks that you love **himself**.

Í (41a) vísar afturbeygða fornafnið *sig* til frumlagsins *bann* í aðalsetningunni – þessi tilvísun er „langdræg“ í þeim skilningi að *sig* vísar „út úr“ aukasetningunni sem hefst á *að*. Samsvarandi setning er ótæk í ensku eins og sést í (41b). Þar yrði að nota persónufornafnið *him*: *He thinks that you love him*.

Eins og oft hefur verið bent á (t.d. hjá Jakobi Jóh. Smára 1920, 134) eru

tengsl á milli langdrægrar afturbeygingar og viðtengingarháttar, sbr. að sögnin *elskir* í (38a) er í viðtengingarhætti. Þannig er líklega sjaldgæft að málnotendur geti sætt sig við langdræga afturbeygingu í dæmum eins og (42) þar sem sögnin *elskar* er í framsöguhætti:

(42) ?*Hann gerir sér grein fyrir því að þú **elskar** sig.

Haraldur Bessason tók eftir því á sínum tíma að reglur um viðtengingarhátt virtust vera á einhverju reiki í vesturíslenku og taldi líklegt að um leið og viðtengingarhátturinn léti undan síga myndi langdræg afturbeyging af þessu tagi líða undir lok (sjá t.d. Harald Bessason 1984b, 12). Þetta var þess vegna eitt af því sem var skoðað í MMMS-verkefninu og Putnam og Birna Arnbjörnsdóttir hafa birt grein um efnið (2015). Þau telja gögnin benda til þess að langdræg afturbeyging sé á undanhaldi í vesturíslenku og viðtengingarháttur líka, sbr. eftirfarandi dæmi (Birna Arnbjörnsdóttir 2006, 105):

- (43) a. ég hélt að það **var** miklu kaldara
b. sumir sögðu að hann **hafði** átt að keppa

Samspil langdrægrar afturbeygingar og viðtengingarháttar í íslensku er samt nokkru flóknara en oft hefur verið talið eins og Halldór Ármann Sigurðsson var manna fyrstur til að vekja athygli á (1990). Nýlegar rannsóknir á tilbrigðum á þessu sviði styðja þá niðurstöðu (sjá t.d. Höskuld Þráinsson og Strahan 2015 og rit sem þar er vísað til). Þess vegna gæti verið ástæða til að kanna þetta viðfangsefni nánar í vesturíslenku.

6.4 Tíðir og hjálparsagnir

Birna Arnbjörnsdóttir bendir á það í bók sinni (2006, 104–105) að í vesturíslenku sé orðasambandið *mundi* + nh. oft notað þar sem nota mætti viðtengingarhátt þátíða og tengir hún þetta við það undanhald viðtengingarháttarins í vesturíslenku sem nefnt er hér frammar og tekur eftirfarandi dæmi:

- (44) a. Hann skrifaði þeim að hann **mundi**
ekki **vera** kallaður í herinn. (= yrði ekki)
b. Ég **mundi** ekki **vanta** að vera ... (= ég vildi ekki vera ...)

Þessi notkun er þó nægilega algeng í heimaíslensku líka til þess að málvöndunarmenn gera oft athugasemdir við hana (sjá t.d. ábendingu 121 í heftinu *Gætum tungunnar* 1984). Það væri samt forvitnilegt að skoða hvort hennar gætir meira í vesturíslenku en heimaíslensku.

Haraldur Bessason telur líka að sagnasambandið *vera* að + nh. sé notað meira en einföld tíð í vesturíslenku en heimaíslensku fyrir ensk áhrif (*be* + lh.nt.) (1971, 73) og segi þá frekar *Hann er að koma í dag* (sbr. e. *He is*

coming today) en *Hann kemur í dag*. Atriði af þessu tagi voru á meðal þess sem kannað var sérstaklega í MMMS-verkefninu eins og lýst er í grein Kristínar M. Jóhannsdóttur (2018) í þessari bók.

6.5 Setningagerð og skilningur

Eins og flestir vita eru setningar misflóknar að gerð og oft talað um að erfitt geti verið að skilja flóknar setningar. Merkir það þá kannski að Vestur-Íslendingar og aðrir sem tala svonefnd erfðarmál geti átt erfitt með að skilja tiltekna setningagerðir og hvaða setningagerðir gætu það þá verið? Þetta var eitt af því sem var rannsakað í MMMS-verkefninu og niðurstöðurnar eru ræddar í grein eftir Sigríði Magnúsdóttur, Höskuld Þráinsson og Irisi Eddu Nowenstein (2018) í þessari bók.

7. MERKING

Hér framar hafa nokkrum sinnum verið nefnd dæmi um að íslensk orð, ekki síst sagnorð, hafi fengið breytta eða víðari merkingu í vesturíslensku. Þetta á t.d. við um sagnir eins og *vanta* í merkingunni ‘vilja’, *lifa* í merkingunni ‘búa, eiga heima’ o.fl. Áður en MMMS-verkefnið hófst höfðu þó ekki verið gerðar skipulegar athuganir á merkingarbreytingum af þessu tagi í vesturíslensku né heldur höfðu tiltekin merkingarsvið verið tekin fyrir. Í efnissöfnun fyrir MMMS-verkefnið var tækifærið hins vegar notað til þess að gera skipulegan samanburð á vesturíslensku og heimaíslensku á nokkrum merkingarsviðum. Verkefnið var reyndar framhald af evrópsku rannsóknarverkefni sem kallaðist EoSS (e. *Evolution of Semantic Systems*). Markmið þess var að bera saman merkingarflokkun í skyldum tungumálum með áherslu á þrjú merkingarsvið: ílát (sbr. *diskur*, *bolli*, *skál* ...), líkamshlutar (sbr. *fótur*, *hönd*, *handleggur* ...) og litir (sbr. *gulur*, *rauður*, *grænn*, *blár* ...). Í MMMS-verkefninu var hugmyndin einkum sú að kanna hvort flokkunin á þessum sviðum í vesturíslensku væri eins eða svipuð og í heimaíslensku eða drægi kannski dóm af þeirri ensku sem er töluð í Kanada. Þess vegna voru þessi atriði bæði könnuð hjá þeim sem tala vesturíslensku og hjá enskumælandi Kanadabúum. Í grein eftir Þórhöllu Guðmundsdóttur Beck og Matthew Whelpton (2018) í þessari bók er sagt frá niðurstöðunum að því er varðar afmörkun lita.

8. HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ VESTURÍSLENSKU?

En hvers vegna hafa málfræðingar áhuga á að rannsaka vesturíslensku? Svárið fer eftir því hvert áhugasvið þeirra og markmið er.

Í fyrsta lagi er áhugavert að lýsa vesturíslenku og þróun hennar: Hvernig er þetta mál? Hvernig hefur það þróast? Að hvaða leyti er það ólíkt heimaíslensku? Svör við þessum spurningum fylla upp í þá mynd sem við höfum af íslensku sem tungumáli og þá mynd sem við höfum af því fólki sem fluttist vestur og afkomendum þess.

Í öðru lagi vilja málfræðingar skýra hvers vegna vesturíslenska hefur þróast á þann hátt sem raun ber vitni. Hvaða áhrifavaldar koma þar við sögu og hvernig? Leitin að skýringum er alltaf mikilvægur þáttur í fræðilegri umræðu. Í þeim rannsóknum sem sagt hefur verið frá hér frammar og raktar eru í ýmsum greinum í þessari bók er þess vegna oft reynt að setja fram skýringar.

Í þriðja lagi hafa rannsóknir á vesturíslenku gildi fyrir málfræðirannsóknir almennt og rannsóknir á erfðarmálum sérstaklega. Þá er verið að nota vesturíslensk gögn til að öðlast betri skilning á eðli erfðarmála almennt, t.d. samspili félagslegra aðstæðna og málþróunar (sjá líka umræðu í grein Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók). Alþjóðleg umræða um erfðarmál snýst m.a. um það hvað þau geta sagt okkur um eðli tungumála almennt og eðli fjöltungis sérstaklega. Bennamoun o.fl. (2010) nefna t.d. fjögur atriði sem rannsóknir á erfðarmálum gætu lagt til málvísinda almennt:

- Hvaða tíma tekur það fyrir málkerfi fyrsta máls (M1) að festast þannig í sessi að málfræði þess sé ekki lengur viðkvæm fyrir breytingum þegar ílag (e. *input*) minnkar við málskipti?
- Hversu stóran þátt á eðli og magn ílags í máltöku og viðhaldi fyrsta máls í bernsku og fram á fullorðinsárin?
- Hvaða þættir málkerfisins eru fastari fyrir en aðrir og hverjir eru viðkvæmari fyrir breytingum þegar máltaka á sér stað með takmörkuðu ílagi eða vegna návígis við annað (ríkjandi) tungumál í umhverfinu?
- Hvaða áhrifaþættir koma við sögu í þeim einföldunarferlum sem einkenna málfræði erfðarmála?

Í einstökum greinum í þessari bók er vikið að spurningum af þessu tagi og þær ræddar á grundvelli vesturíslenskra gagna, þótt fræðilegri umræðu um þær sé frekar að finna í greinum sem eru skrifaðar fyrir sérfræðinga og ætlaðar til birtingar í málvísindatímaritum. Nokkrar slíkar greinar eru taldar í heimildaskrá in í þessari bók, m.a. í lok þessarar greinar.

Þegar erfðarmál víkur frá heimamáli geta ástæðurnar verið margvíslegar. Erfðarmálið verður auðvitað fyrir margvíslegum áhrifum úr umhverfinu og mótast af þeim aðstæðum sem það býr við og þær eru allt aðrar en aðstæður heimamálsins (sbr. umræðu í grein Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók).

Eins getur heimamálið hafa þróast á tiltekinn hátt en erfðarmálið ekki. Fleira getur komið til og meðal þeirra atriða sem málfræðingar beina gjarna athygli sinni að þegar þeir bera saman erfðarmál og heimamál má telja þessi:

- Nýir búskaparhættir kalla á nýjan orðaforða í erfðarmálinu (sjá umræðu hér framar).
- Nýir nágrannar sem tala önnur tungumál geta haft áhrif á erfðarmálið.
- Einhver sjálfsprottin þróun hefur orðið í erfðarmálinu en ekki heimamálinu, eða þá að heimamálið hefur breyst eftir að leiðir skildu en ekki erfðarmálið.
- Þeir sem tala erfðarmálið hafa aldrei náð fullkomnum tökum á því í upphafi vegna þess hvernig málaðstæðurnar voru á þeim tíma (t.d. ekki nægilegt og stöðug ílag). Þá er talað um **ófullkomna máltöku** (e. *incomplete acquisition*).
- Þeir sem tala erfðarmálið hafa smám saman misst tökin á því í árána rás, t.d. vegna þess að notkunarsviðið varð sífelld minna eða þrengra. Það kallast **málhrörnun** (e. *language attrition*).

Þessir áhrifaþættir geta síðan fléttast saman á ýmsan hátt og oft getur verið erfitt að greina hver þeirra skiptir mestu máli, eins og kemur fram í sumum greinunum í þessari bók. Málfræðingum er oft tamt að líta svo á að þau frávik frá heimamálinu sem finna má í erfðarmálinu séu einhvers konar mistök eða afturför og þess sjónarmiðs gætir auðvitað að nokkru leyti í hugtökum eins og **ófullkomin** máltaka og **málhrörnun** (sjá umræðu um málhrörnun í grein Sigríðar Mjallar Björnsdóttur (2018) í þessari bók). Ýmsir fræðimenn hafa þó lagt áherslu á mikilvægi þess að skoða ekki síður hvaða þættir það eru semt stuðla að **viðhaldi** (e. *maintenance*) þeirrar kunnáttu og færni í erfðarmálinu sem málnotendur tileinka sér í upphafi (sjá t.d. Putnam og Sánchez 2013).

Mikill breytileiki í erfðarmálum gerir þau spennandi viðfangsefni málfræðinga en einnig að sumu leyti flókið rannsóknarefni. Eitt megineinkenni erfðarmála er nefnilega mismikil færni málhafa, mismikil áhrif málanna hvors á annað, misvið notkunarvið og mismunandi hlutverk í menningu og sjálfsmynd einstaklinga og hópa sem þau tala (sbr. umræðu hjá Daisy Neijmann (2018) í þessari bók). En vesturíslenska sem erfðarmál er þó vel til þess fallin að vera rannsóknarviðfang einmitt um þessi atriði. Saga hennar er tiltölulega afmörkuð í tíma og rúmi og málhavar aðgengilegir vegna sterkra tengsla innbyrðis. Vesturíslenska er notuð á afmörkuðum landsvæðum og málhavar eru viljugir til samstarfs, sem auðveldar gagnasöfnun. Vesturís-

lenska þróaðist lengi vel svo til óáreitt af áhrifum frá íslensku á Íslandi (sjá t.d. grein Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók) og sú íslenska sem upprunalegu innflytjendurnir komu með sér var tiltölulega einsleit, t.d. miðað við það mál sem norsku innflytjendurnir fluttu með sér vestur og miðað við flest tungumál samtímans (sjá þó umræðu í 4. kafla hér framar). Loks eru til gagnasöfn um vesturíslenku nánast frá upphafi vesturferða og fram á þennan dag. Vonandi verður yfirlitið í þessari grein ungum málfræðingum hvatning til rannsókna á vesturíslenku, þessu eina tilbrigði íslenskunnar sem notað er utan Íslands.

HEIMILDIR

- Alda B. Möller. 2018. Með búmannsaugum landnemans. Vesturför Torfa Bjarnasonar 1873 og bréf bræðra hans frá Nebraska. Bls. 67–86 í þessari bók.
- Ásgrímur Angantýsson. 2001. Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum. *Íslenskt mál* 23:95–122.
- Áslaug J. Marinósdóttir. 1983. *Tölumyndir nafnorða í nefnifalli hjá íslenskum börnum*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. 1980. Athugun á fleirtölu í barnamáli. *Mímir* 28:29–45.
- Ásta Svavarsdóttir. 1993. *Beygingakerfi nafnorða í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kándíðatsritgerð höfundar við Háskóla Íslands 1987.]
- Ásta Svavarsdóttir. 2003. Tilpasning af importord i islandsk. Helge Sandøy (ritstj.): *Med 'bil' i Norden i 100 år. Ordlaging og tilpassing av utalandske ord*, bls. 75–81. Novus, Oslo.
- Ásta Svavarsdóttir. 2018. Að flytja mál milli landa. Beytilegar málaðstæður heima og heiman. Bls. 257–277 í þessari bók.
- Bennamoun, Elabbas, Silvina Montrul og Maria Polinsky. 2010. Prolegomena to heritage linguistics. Handrit, University of Illinois og Harvard University. [Aðgengilegt á <http://scholar.harvard.edu/mpolinsky/publications/white-paper-prolegomena-heritage-linguistics>.]
- Berko, Jean. 1958. The child's learning of English morphology. *Word* 14:150–177.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 1987. Flámæli í vesturíslenku. *Íslenskt mál* 9:23–40.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 1990. *The Linguistic and Social Context of Apparent Vowel Mergers in North American Icelandic*. Doktorsritgerð, University of Texas, Austin.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic. The Life of a Language*. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2015. Reexamining Icelandic as a heritage language in North America. Janne Bondi Johannessen og Joseph C. Salmons (ritstj.): *Germanic Heritage Languages in North America. Acquisition, Attrition and Change*, bls. 72–93. Benjamins, Amsterdam.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Höskuldur Práinsson. 2016. Leitið og þér munuð finna. Um íslensku í Vesturheimi á 21. öld. Fyrirlestur fluttur á Hugvísindapíngi 12. mars. [Glærur aðgengilegar á slóðinni http://uni.hi.is/hoski/files/2011/02/H%C3%B6skulog-Birna_Hugv%C3%ADs.12.3.2016.pdf.]

- Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Iris Edda Nowenstein. 2018. V2 and V3 orders in North-American Icelandic. *Journal of Language Contact* 11(3):379–412.
- Björn Guðfinnsson. 1981. *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Smárit Kennaraháskóla Íslands og Íðunnar 7. Íðunn, Reykjavík. [Fyrst gefið út af Ísafoldarprentsmiðju 1947.]
- Bréf Vestur-Íslendinga I–II*. 2001–2002. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Burt – og meir en bæjarleið*. *Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar*. 2001. Ritstj. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon. (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5.) Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Clausing, Stephen. 1981. *English Influence on the American German Dialects with a Comparison to American Icelandic*. Doktorsritgerð, University of Wisconsin, Madison.
- Clausing, Stephen. 1982a. Questionnaire. *Lögberg-Heimskringla* 16. apríl, bls. 5.
- Clausing, Stephen. 1982b. Icelandic dialects. *Lögberg-Heimskringla* 10. september, bls. 4 og 6.
- Clausing, Stephen. 1984. Dialect preservation in American-Icelandic. A methodological study. *Word* 35:77–87.
- Clausing, Stephen. 1986. *English Influence on American German and American Icelandic*. Peter Lang, Bern.
- Dehé, Nicole. 2016. Prepositions and case in North American (‘heritage’) Icelandic. Evidence from map task data. Handrit, Háskólanum í Konstanz.
- Dehé, Nicole. 2018. The Intonation of Polar Questions in North American (‘Heritage’) Icelandic. *Journal of Germanic Linguistics* 30(3):213–259.
- Elma Óladóttir. 2013. *Daisy stundum talar íslensku. Sagnfærsla í vesturíslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eyvindur Eiríksson. 1975. Beyging nokkurra enskra tökuorða í nútímaíslensku. *Mímir* 23:55–71.
- Eyvindur Eiríksson. 1981. Burgeisar, ribbaldar, barúnar og allt það hafurtask. *Afmælistkveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 85–96. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Flom, George T. 1903. The gender of English loan-nouns in Norse dialects in America. A contribution to the study of the development of grammatical gender. *The Journal of English and Germanic Philology* 5(1):1–31.
- Fríðrik Magnússon. 1988. Hvað er títt? *Orð og tunga* 1:1–49.
- Gerrard, Nelson. 1975. Örnefni í Nýja Íslandi. Óútgefin skýrsla. Örnefnastofnun, Reykjavík.
- Gerrard, Nelson. 1979. Pioneers and place names of New Iceland. *The Icelandic Canadian* Winter 1978–Spring 1979. [Greinin er aðgengileg á slóðinni <http://www.sagapublications.com/articles.html>.]
- Gísli Pálsson. 2003. *Frægð og firnindi. Ævi Vilhjálms Stefánssonar*. Mál og menning, Reykjavík.
- Gísli Sigurðsson. 1984. Viðtöl við Vestur-Íslendinga, ásamt orðasafni úr vesturíslensku. Handrit, Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Gísli Sigurðsson. 2001. Um vesturíslensku. *Alfræði íslenskrar tungu*. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Gísli Valgeirsson, Katrín María Víðisdóttir og Margrét Lára Höskuldsdóttir. 2013. The preservation and change of some phonological variants in North American Icelandic.

- dic. Fyrirlestur á “4th Annual Workshop on Immigrant Languages in the Americas” í Reykjavík, 19.–21. september.
- Guðrún Kvaran. 2004. English influence on the Icelandic lexicon. *Nordic Journal of English Studies* 2(3):143–152.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2011. *Nöfn Íslendinga*. Ný og endurskoðuð útgáfa af bókinni *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni sem kom út 1991. Forlagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran og Ásta Svavarsdóttir. 2002. Icelandic. Manfred Görlach (ritstj.): *English in Europe*, bls. 82–107. Oxford University Press, Oxford.
- Gætum tungunnar*. 1984. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. [„Áhugasamtök um íslenskt mál“ eru skráð fyrir útgáfunni og inngangsorð eru merkt Helga Hálf-danarsyni, sem er sagður ritari samtakanna.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1986. Verb post-second in a V2 language. Östen Dahl og Anders Holmberg (ritstj.): *Scandinavian Syntax. Papers from a Symposium*, bls. 138–149. Institute of Linguistics, University of Stockholm.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. Long distance reflexives and moods in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 289–307. Academic Press, San Diego.
- Haraldur Bessason. 1958. Um íslensk mannanöfn í Vesturheimi. *Tímarit Þjóðræknis-félags Íslendinga í Vesturheimi* 39:57–65.
- Haraldur Bessason. 1967. A few specimens of North American-Icelandic. *Scandinavian Studies* 39(2):115–146.
- Haraldur Bessason. 1971. Ísländskan i Nordamerika. *Sprog i Norden 1971*, bls. 57–77.
- Haraldur Bessason. 1980. Um íslenska tungu í vesturheimi. *Lögberg-Heimskringla* 21. mars, bls. 7.
- Haraldur Bessason. 1984a. Að rósta kjötið og klína upp húsið. *Lesbók Morgunblaðsins* 16. júní, bls. 4–5.
- Haraldur Bessason. 1984b. Hún fór út með bojfrendinu sínu. *Lesbók Morgunblaðsins* 23. júní, bls. 11–13.
- Haugen, Einar. 1953. *The Norwegian Language in America I-II*. University of Pennsylvania Press, Philadelphia.
- Haugen, Einar. 1956. *Bilingualism in the Americas. A Bibliography and Research Guide*. Publication of the American Dialect Society 26. University of Alabama Press, Tuscaloosa.
- Höskuldur Práinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Práinsson. 2011. Um dauðans óvissan tíma. *u-hljóðvarp lífs og liðið. Íslenskt mál* 33:85–107.
- Höskuldur Práinsson. 2014. Stuðlar, hefðarreglur, hljóðkerfi. *Íslenskt mál* 36:95–120.
- Höskuldur Práinsson. 2016. Incomplete acquisition and language attrition in different settings. Fyrirlestur fluttur á ársþingi Deutsche Gesellschaft für Sprachwissenschaft í Konstanz, 26. febrúar. [Glærur aðgengilegar á slóðinni http://uni.hi.is/hoski/files/2011/02/Hosk2016_Incomplete_Attrition.pdf.]
- Höskuldur Práinsson og Kristján Árnason. 1992. Phonological variation in 20th century Icelandic. *Íslenskt mál* 14:89–128.
- Höskuldur Práinsson og Tania Strahan. 2015. Fornöfn. Í *Tilbrigðabók II*, bls. 155–176.

- Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eypórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Í *Tilbrigðabók II*, bls. 33–76.
- Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson, Benedikt Jóhannesson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð með nýjum formála og atriðisorðaskrá 1987 og gefin út af Málvísindastofnun Háskóla Íslands.]
- Jóhann Magnús Bjarnason. 1894. Bessabréf IV. *Heimskringla* 23. júní, bls. 2–3.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2018. „Þú skilur ekki þetta.“ Um andlagsstökk í vesturíslensku. Bls. 361–374 í þessari bók.
- Katrín María Viðisdóttir. 2016. *Hér og þar. Afdrif norðlenskra framburðareinkenna heima fyrir og vestanbafs*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kress, Bruno. 1966. Anglo-Amerikanisch und Isländisch. *Nordeuropa* 1:9–22.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. 2006. Það er baslari í borði í næstu dyrum. *Lesið í bljóði fyrir Kristján Árnason sextugan, 26. desember 2006*, bls. 139–143. Umsjón: Ari Páll Kristinsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson, Höskuldur Þráinsson og Margrét Guðmundsdóttir. Menningar- og minningasjóður Mette Magnussen, Reykjavík.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. 2018. „Og hundurinn er að sofa líka.“ Um notkun framvinduorfs í vesturíslensku. Bls. 323–339 í þessari bók.
- Neijmann, Daisy. 2018. Mál til samskipta eða tengsla? Gildi íslenskunnar í Vesturheimi. Bls. 279–302 í þessari bók.
- Putnam, Michael T., og Birna Arnbjörnsdóttir. 2015. Minimizing (interface) domains: The loss of long-distance binding in North American Icelandic. B. Richard Page og Michael T. Putnam (ritstj.): *Moribund Germanic Heritage Languages in North America. Theoretical Perspectives and Empirical Findings*, bls. 203–223. Brill, Leiden.
- Putnam, Michael T., og Liliana Sánchez. 2013. What's so incomplete about incomplete acquisition? A prolegomenon to modeling heritage language grammars. *Linguistic Approaches to Bilingualism* 3(4):478–508.
- Salbjörg Óskarsdóttir. 2008. *Hann þótti gott í staupinu. Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku samanborið við heimaíslensku*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Salbjörg Óskarsdóttir og Höskuldur Þráinsson. 2017. Hann þótti gott í staupinu. Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku. Í *Tilbrigðabók III*, bls. 101–124.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2014. „Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ *Fallmörkun og samræmi í vesturíslensku erfðarmáli*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2018. „Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ Málbreytingar í sendibréfum Vestur-Íslendinga. Bls. 341–359 í þessari bók.
- Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson. 2018. Að skilja skrátnar setningar. Bls. 303–322 í þessari bók.
- Stefán Einarsson. 1933. Hvað geta Vestur-íslendingar gert fyrir íslenzka tungu? *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga* 15(1):9–17.
- Stefán Einarsson. 1937. Nokkur sýnishorn af vestur-íslenzku og rannsóknunum um hana. *Lögberg – Fimmtíu Ára Minningarblað Lögbergs* 22. desember, bls. 18–19 og 22–23.
- Sögur úr Vesturheimi. 2012. Úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur um Kanada og Bandaríkin veturinn 1972–1973. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. [Þessar sögur eru líka aðgengilegar á slóðinni <http://www.arnastofnun.is/sogururvesturheimi> og þar má hlusta á upptökurnar.]

- Tilbrigðabók I* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð I. Markmið, aðferðir og efni-viður*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Tilbrigðabók II* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Tilbrigðabók III* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2017. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III. Sérathuganir*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Tómas Guðmundsson. 1953. *Ljóðasafn*. Við sundin blá, Fagra veröld, Stjórnur vorsins, Fljótið helga. Helgafell, Reykjavík.
- Vilhjálmur Stefánsson. 1903. English loan-nouns used in the colony of North Dakota. *Dialect Notes* 2:354–362.
- Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Matthew Whelpton. 2018. Það besta úr báðum heimum. Um litaheiti í vesturíslenku. Bls. 375–400 í þessari bók.

ABSTRACT

‘The characteristics of North American Icelandic. An overview’

Keywords: review, North American Icelandic, heritage Icelandic, loan words, incomplete acquisition, language attrition, language maintenance

This chapter reviews previous research on North American Icelandic and serves as an introduction to the second half of the book. The review is divided into subsections according to the topic of study. Section 2 begins with a short overview of the adaptation of Icelandic names, both personal and place names, to English linguistic and cultural conventions. This is followed by a description of the North American Icelandic (NA Icelandic) lexicon with a few notes about their classification and gender assignment (section 3). Section 4 describes the morphological development of NA Icelandic focusing on the inflectional system. Aspects of NA Icelandic phonetics and phonology as they appear in previous studies are presented in section 5. Findings of studies that focus on syntax, morpho-syntax and word order are discussed in section 6. The review concludes with a few words on the limited research on the semantics of NA Icelandic. Finally, the theoretical significance of linguistic research on NA Icelandic is described along with its contribution to our understanding of the nature of language in general and our understanding of heritage languages in particular.

Birna Arnbjörnsdóttir
Mála- og menningardeild
Háskóla Íslands
birnaarn@hi.is

Höskuldur Þráinsson
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
boski@hi.is